Bæjarstjórn Garðabæjar 8. (923)/2023

Boðað er til 8. (923). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 1. júní 2023 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2305579 - Kosning forseta bæjarstjórnar og 1. og 2. varaforseta til eins árs.

2. 2305580 - Kosning fimm fulltrúa í bæjarráð til eins árs og tilnefning áheyrnarfulltrúa.

3. 2305581 - Kosning aðal- og varafulltrúa í fulltrúarráð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands.

4. 2305582 - Kosning fulltrúa í nefndir

5. 2305005F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/5 ´23.

6. 2305015F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/5 ´23.

7. 2305023F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/5 ´23.

8. 2305033F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/5 ´23.

   2205229 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi synjun á umsókn lóðarhafa að Miðhrauni 18 um breytta legu byggingarreits.

   2305398 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðraholts varðandi fjölgun íbúða við Þorraholt.

9. 2305016F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 17/5 ´23.

10. 2305025F - Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 24/5 ´23.

11. 2305007F - Fundargerð leikskólanefndar frá 9/5 ´23.

12. 2305029F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks, frá 25/5 ´23.

13. 2305018F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 22/5 ´23.

14. 2304035F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 3/5 ´23.

15. 2305010F - Fundargerð öldungaráðs frá 15/5 ´23.

16. 2301664 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 2/5 ´23.

17. 2301673 - Fundargerðir svæðisskipulagsnefndar frá 28/4 og 12/5 ´23.

18. 2301318 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 15/5 og 22/5 ´23.

19. 2303053 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 11/4 og 9/5 ´23.

20. 2305390 - Fundargerð 41. eigendafundar Sorpu bs. frá 15/5 ´23.

21. 2301453 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 19/5 ´23.

22. 2208428 - Greinargerð íþrótta- og tómstundaráðs varðandi nýtingu á óráðstöfuðu rými í Miðgarði, dags. í maí 2023.

23. 2211332 - Endurnýjun samninga við Ungmennafélag Álftaness.

24. 2206112 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2023.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
7. (922). fundur 2023

Fimmtudaginn 4. maí 2023 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi, Almar Guðmundsson, bæjarfulltrúi, Björg Fenger, bæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson, bæjarfulltrúi, Stella Stefánsdóttir, varabæjarfulltrúi, Harpa Rós Gísladóttir, varabæjarfulltrúi, Harpa Þorsteinsdóttir, varabæjarfulltrúi, Ingvar Arnarson, bæjarfulltrúi, Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi og Brynja Dan Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Í upphafi fundar minntist forseti Ólafs G. Einarssonar, fyrrverandi sveitarstjóra í Garðahreppi, bæjarfulltrúa Garðabæjar, alþingismanns og ráðherra, en Ólafur lést 27. apríl sl. Ólafur var tilnefndur heiðursborgari Garðabæjar árið 2010. Bæjarfulltrúar risu úr sætum og heiðruðu minningu Ólafs með einnar mínútu þögn.

Fundargerð fundar bæjarstjórnar frá 13. apríl 2023 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2304014F - Fundargerð bæjarráðs frá 18/4 ´23.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 13. tl., bréf Samtakanna 22 varðandi hinsegin fræðslu í grunnskólum Garðabæjar.

Fundargerðin sem er 19 tl., er samþykkt samhljóða.

2. 2304023F - Fundargerð bæjarráðs frá 25/4 ´23.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., nýtt flokkunarkerfi úrgangs á höfuðborgarsvæðinu og 10. tl., umsókn Brynju leigufélags um stofnframlag.

Stella Stefánsdóttir, ræddi 1. tl., nýtt flokkunarkerfi úrgangs á höfuðborgarsvæðinu.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., nýtt flokkunarkerfi úrgangs á höfuðborgarsvæðinu.

Afgreiðsla mála.
„Bæjarstjórn samþykkir samning við Ríkissjóð Íslands f.h. Barna- og fjölskyldustofu um úthlutun á lóð fyrir meðferðarheimili fyrir börn og ungmenni sem byggir á viljayfirlýsingu Garðabæjar, velferðarráðuneytis og Barnaverndarstofu, dags. 21. desember 2018.“ (Mál nr. 2304003)

„Bæjarstjórn samþykkir að verða við erindi Brynju leigufélags ses. um greiðslu stofnframlags vegna kaupa á fjórum tveggja og þriggja herbergja íbúðum í Garðabæ árið 2023. Áætlað kaupverð er 247,5 mkr. og nemur stofnframlag 12% eða 29,7 mkr.“ (Mál nr. 2304313)

Fundargerðin sem er 11 tl., er samþykkt samhljóða.

3. 2304031F - Fundargerð bæjarráðs frá 2/5 ´23.

Ingvar Arnarson, ræddi 7. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi umsókn Landsnets hf. um breytingu á aðalskipulagi vegna breyttrar legu Hamraneslínu 1 og 2 og 9. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kauptúns vegna lóðarinnar við Kauptún 4. Ingvar lýsti yfir andstöðu við samþykkt tillögu um breytingu á deiliskipulagi Kauptúns.

Björg Fenger, ræddi 7. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi umsókn Landsnets hf. um breytingu á aðalskipulagi vegna breyttrar legu Hamraneslínu 1 og 2.

Almar Guðmundsson, ræddi 16. tl., stöðu kjarasamningsviðræðna við Starfsmannafélag Garðabæjar.

Afgreiðsla mála.
„Bæjarstjórn samþykkir bókun skipulagsnefndar þar sem fram kemur að nefndin getur ekki mælt með því að breyting verði gerð á aðalskipulagi Garðabæjar sem geri ráð fyrir jarðstreng í landi Garðabæjar eins og lagt er til í umsókn Landsnets. Í bókuninni er jafnframt lögð áhersla á að Garðabær og Landsnet skoði áfram og eigi samstarf um með hvaða hætti skipulagi raforkuflutningskerfis Landsnets innan bæjarmarka Garðabæjar á næstu áratugum verði best fyrirkomið." (Mál nr. 2301018)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Hliðs á Álftanesi í tilefni umsóknar um stækkun byggingarreits til vesturs að lóðarmörkum. Grenndarkynna skal tillöguna Umhverfisstofnun en Hlið á Álftanesi er friðlýst svæði sem fólkvangur." (Mál nr. 2304320)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að leyfa útgáfu á byggingarleyfi samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna byggingar sólskála á lóðinni við Löngumýri 19. Grenndarkynning hefur farið fram samkvæmt 2. mgr. sömu greinar og bárust engar athugasemdir." (Mál nr. 2212321)

Fundargerðin sem er 22 tl., er samþykkt samhljóða.

4. 2304016F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 19/4 ´23.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., áform um fjölgun rýma á dagdvöl Ísafoldar.

Harpa Rós Gísladóttir, ræddi 2. tl., áform um fjölgun rýma á dagdvöl Ísafoldar og upplýsti að fyrirhugað er að kynna málið á fundi öldungaráðs á næstunni.

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., áform um fjölgun rýma á dagdvöl Ísafoldar.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2304005F - Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 12/4 ´23.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, ræddi 3. tl., samstarfssamning við Júdófélag Garðabæjar, 4. tl., tillögu um nýtingu á óráðstöfuðu rými í Miðgarði og 5. tl., sumarfrístundarstarf barna í Garðabæ sumarið 2023.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2303033F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 12/4 ´23.

Björg Fenger, ræddi 2. tl. barnamenningarhátíð í Garðabæ og hrósaði öllum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar sem heppnaðist í alla staði mjög vel. Björg vék einnig að viðburði á Garðatorgi vegna vígslu á 450. rampinum undir merkjum Römpum upp Ísland.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2304024F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 27/4 ´23.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 2304008F - Fundargerð ungmennaráðs frá 10/3 ´23.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 2304037F - Fundargerð ungmennaráðs frá 13/4 ´23.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., fund ungmennaráðs með bæjarstjórn.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., fund ungmennaráðs með bæjarstjórn.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 2304025F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 26/4 ´23.

Stella Stefánsdóttir, ræddi 4. tl., ágang máva í Sjálandshverfi.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 2301318 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 3/4 og 17/4 ´23.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

12. 2301453 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 21/4 ´23.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, ræddi 1. tl., kaup Strætó bs. á rafmagnsvögnum og 5. tl., þróun farþegafjölda og sölutölur á árinu.

Fundargerðin er lögð fram.

13. 2208619 - Ársreikningur Garðabæjar 2022 (síðari umræða)

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri kvaddi sér hljóðs og fór nánar yfir helstu niðurstöður ársreiknings Garðabæjar fyrir árið 2022.

Bæjarstjóri lagði til við bæjarstjórn að samþykkja ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2022.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls. Sara Dögg lagði fram eftirfarandi bókun.

„Sjálfbær og ábyrgur rekstur er undirstaða þess að geta boðið upp á framúrskarandi þjónustu við íbúa og það viljum við í Viðreisn gera.
Jákvæð niðurstaða í rekstri bæjarsjóðs, sem við sjáum birtast í ársreikningi fyrir árið 2022 byggir fyrst og fremst á umtalsverðum tekjum af lóðasölu. Slíkar einskiptisgreiðslur geta ekki verið grundvöllur sjálfbærs reksturs.
Viðreisn í Garðabæ telur brýnt að rýna þurfi í rekstur og framkvæma að fullu hagræðingartillögur Haraldar Líndals frá árinu 2019 til að ná fram hagræðingu og að endurskoða tekjuöflun sveitarfélagsins til þess að bæjarsjóður Garðabær standi raunverulega undir merkjum sjálfbærs reksturs. Óveruleg hækkun útsvarsprósentu myndi gjörbreyta stöðu bæjarsjóðs, án mikilla áhrifa á bæjarbúa. Fyrir liggja, enn fremur, tillögur um breytingu á Jöfnunarsjóði, sem ef fram ná að ganga, munu hafa veruleg áhrif á rekstrarreikning bæjarsjóðs.
Mikil uppbygging á sér stað í Garðabæ sem getur tímabundið aukið verulega tekjur sveitarfélagsins og styrkt tekjugrunn þess til framtíðar. Ábyrgt væri að nýta einskiptisgreiðslur við lóðasölu til niðurgreiðslu skulda, uppbyggingu varasjóðs og að einhverju leyti til fjárfestinga í Garðabæ. Þetta eru ekki tekjur sem á að grípa til við rekstur grunnstoða og daglegs reksturs. Til þess eru þær of óstöðugar til lengri tíma og óáreiðanlegar.
Viðreisn vill gjarnan taka þátt í nauðsynlegri hugmyndavinnu um hvernig sé hægt að hverfa frá því að treysta á einskiptistekjur til að halda uppi grunnrekstri Garðabæjar."

Ingvar Arnarson, tók til máls. Ingvar lagði fram eftirfarandi bókun.

„Bæjarfulltrúar Garðabæjarlistans þakka starfsfólki fyrir vinnu við ársreikning. Það er ánægjuefni að skatttekjur á hvern íbúa voru hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Þar var gert ráð fyrir 910 þúsund kr. á íbúa en í raun komu inn 929 þúsund kr. á íbúa.
Þá er einnig jákvætt að sala á lóðum/byggingarrétti var töluverð sem gerir það að verkum að tekjur bæjarins hafa aukist um 3,6 milljarð króna á árinu 2022. Ánægjulegt er að sjá mikla fjölgun íbúa í Garðabæ, en frá árinu 2017 hefur fjölgað um 3200 íbúa.
Líkt og við höfum bent á undanfarin ár höfum við þó áhyggjur af nokkrum þáttum. Aukin verðbólga er áhyggjuefni, sérstaklega þar sem að verðtryggðar skuldir bæjarsjóðs hafa aukist töluvert síðustu ár. Árið 2017 voru þær 751 þúsund kr. en eru í dag orðnar 1528 þúsund kr. á hvern íbúa. Að auki eru fjármagnsgjöld mjög há eða 1.739 milljónir árið 2022. Mikilvægt er að hafa í huga að Garðabær hefur staðið í miklum framkvæmdum á þessu tímabili og hafa eignir bæjarins þ.a.l. aukist töluvert.
Sala á byggingarrétt skilaði bænum 3.665 milljónum í tekjur. Lóðir eru takmörkuð auðlind og ekki hægt að gera ráð fyrir að tekjur af slíkri sölu verði stöðugar til framtíðar, sérstaklega ef verðbólga helst há og kaupmáttur rýrnar.
Framundan eru framkvæmdir vegna löngu tímabærs viðhalds á eignum og fjárfestingar í innviðum sem eru nauðsynlegir til að veita bæjarbúum viðeigandi þjónustu. Til að standa undir þeirri fjárfestingu er mikilvægt að fara varlega í næstu skref. Að okkar mati er ekki skynsamlegt að auka mikið við skuldir á næstu árum og því nauðsynlegt að meta hversu miklu er hægt að ná inn með sölu lóða/byggingaréttar og í framhaldinu skoða hvort sú upphæð dugi til að standa undir þeim framtíðarfjárfestingum sem eru nauðsynlegar til að halda í við íbúaþróun Garðabæjar.
Markmið okkar í Garðabæjarlistanum er að halda gjöldum á íbúa eins lágum og kostur er, en einnig að tryggja góða þjónustu við íbúa og byggja upp innviði í takt við íbúaþróun. Til þess að það sé hægt þarf fjárhagsstaða Garðabæjar að vera sterk."

Björg Fenger, tók til máls. Björg lagði fram eftirfarandi bókun.

„Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2022 endurspeglar sterka fjárhagslega stöðu og staðfestir lágt skuldahlutfall í samanburði við flest önnur sveitarfélög. Rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð og sjóðstreymið sterkt.
Það er mikilvægt að tekjur af sölu byggingarréttar eru nýttar til framkvæmda og uppbyggingar innviða. Uppbygging íbúðarsvæða er í fullum gangi og mikil þörf verður á áframhaldandi fjárfestingum í innviðum bæjarins á næstu árum.

Um þessar mundir eru ýmsar áskoranir í rekstri sveitarfélaga. Viðvarandi verðbólga og mikil hækkun vaxta hafa neikvæð áhrif á rekstrarkostnað og fjármagnsgjöld sveitarfélaganna og vanfjármögnun ríkisins á þeim mikilvæga og vaxandi málaflokki sem málefni fatlaðs fólks er, þyngir rekstur sveitarfélaganna verulega.
Við núverandi aðstæður hefur því sjaldan verið mikilvægara að ábyrg fjármálastjórn ríki í sveitarfélaginu og að íbúar búi að ráðdeild í rekstri bæjarsjóðs. Á sama tíma þarf þjónusta við íbúa að vera góð eins og staðfest hefur verið í könnunum og álögum á íbúa stillt í hóf.
Um þessa mikilvægu hagsmuni bæjarbúa vilja bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins standa vörð um hér eftir sem hingað til."

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Almar Guðmundsson, tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða við síðari umræðu ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2022 samkvæmt 61. gr. sveitarstjórnalaga nr. 138/2011, sbr. 2. tl. 1. mgr. 18. gr. laganna.

Samþykktinni til staðfestingar er ársreikningurinn undirritaður af viðstöddum bæjarfulltrúum.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 4. maí 2023 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigríður Hulda Jónsdóttir

Sara Dögg

Björg Fenger

Harpa Rós Gísladóttir

Margrét Bjarnadóttir

Hilmar Bragi Eyjólfsson

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 4. maí 2023 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)
Harpa Rós Gísladóttir, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
18. (2071). fundur 2023

Þriðjudaginn 9. maí 2023 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger, formaður, Margrét Bjarnadóttir, aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson, varamaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, Linda Udengård, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir, samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2303176 - Steinprýði 17 - Umsókn um byggingarleyfi.**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guðna Jóhannessyni, leyfi til að byggja einbýlishús á lóðinni að Steinprýði 17.

2. **2304489 - Sveinskot - Umsókn um byggingarleyfi**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Lækjakór ehf. leyfi til jarðvegsframkvæmda og landmótun á lóðum við Víðiholt.

3. **2304507 - Erindi frá Kópavogsbæ vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahverfi/Vatnsendahæð, dags. 27.04.23.**
   Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

4. **2304477 - Úthlutun og sala lóða á Hnoðraholti.**
   Bæjarstjóri gerði grein fyrir undirbúningi að úthlutun lóða í 1. áfanga Hnoðraholts.

5. **2305031 - Stefnuráð byggðasamlaganna - fundargerðir 5., 6. og 7 fundar.**
   Lagðar fram fundargerðir stefnuráðs byggðasamlaganna, dags. 3. mars 2023, 13 mars 2023 og 4. apríl 2023.

6. **2305063 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023-2026, 978. mál, dags. 28.04.23.**
   Lagt fram.

7. **2305094 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 1028. mál, dags. 05.05.23.**
   Lagt fram.

8. **2305085 - Bréf Vina íslenskrar náttúru (VÍN) til Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi skipulag skógræktar, dags. 14.04.23.**
   Bæjarráð vísar bréfinu til kynningar í skipulagsnefnd og umhverfisnefnd.

9. 2305042 - Framlög til stjórnmálaflokka 2023.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi skiptingu á greiðslu til stjórnmálasamtaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2023

Framsóknarflokkur	kr. 474.375
Viðreisn	kr. 482.026
Sjálfstæðisflokkur	kr. 1.784.005
Garðabæjarlistinn	kr. 759.597

Framlög verða greidd enda liggi fyrir gögn til staðfestingar á að ofangreind stjórnmálasamtök hafa sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart Ríkisendurskoðun samkvæmt 5. gr. a. laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmálasamtaka.

10. 2305091 - Beiðni Samkeppniseftirlitsins um umsögn vegna kvörtunar Fimleikafélags Hafnarfjarðar í tengslum við samning Garðabæjar og Knattspyrnusambands Íslands um leigu á Miðgarði, dags. 04.05.23.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara bréfinu.

11. 2304460 - Staða kjarasamningsviðræðna við Starfsmannafélag Garðabæjar.

Samningar í kjaradeilu Samband íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Garðabæjar hafa ekki náðst og munum fyrstu verkfallsaðgerðir sem boðaðar hafa verið hefjast 15. og 16. maí. Starfsmenn í Starfsmannafélagi Garðabæjar sem starfa í leikskólum Garðabæjar munu leggja niður störf 15. maí og fram að hádegi 16. maí.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 9. maí 2023 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Guðlaugur Kristmundsson, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
19. (2072). fundur 2023

Þriðjudaginn 16. maí 2023 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger, formaður, Gunnar Valur Gíslason, varaformaður, Margrét Bjarnadóttir, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson, varamaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, Linda Udengård, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir, samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2303021 - Lautargata 3 - Umsókn um byggingarleyfi.**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Dalhúsum ehf., kt. 541201-4830, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 10 íbúðum að Lautargötu 3.

2. **2301443 - Framkvæmdir við viðhald og endurbætur á húsnæði Flataskóla.**
   Sviðsstjóri umhverfissviðs kynnti minnisblað Mannvits varðandi stöðu útboðsgagna og kostnaðargreininga vegna fyrirhugaðra framkvæmda við viðhald og endurbætur Flataskóla.

   Bæjarráð samþykkir að farið verði í útboð vegna framkvæmda við viðhald og endurbætur við byggingarhluta 3, 4, 6, og 7 samkvæmt minnisblaðinu sem er allt skólahúsnæði að undanskilinni suður- og leikskólaálmu. Áfram verður unnið að valkosta- og kostnaðargreiningu vegna framkvæmda við viðhald og endurbætur á byggingarhlutum 1, 2 og 5 sem er suður- og leikskólaálma.

3. **2305147 - Umsókn lóðarhafa að Hraungörðum við Álftanes um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar.**
   Í umsókninni eru kynntar hugmyndir að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar að Hraungörðum og uppbyggingar sérbýlishúsabyggðar á lóðinni. Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við umsækjanda.

4. **2301223 - Tilkynning frá Úrvinnslusjóði um greiðslur til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar, dags. 09.05.23.**
   Í tilkynningunni koma fram upplýsingar um fyrirkomulag á söfnun á úrgangi frá íbúðarhúsum og fyrirtækjum ásamt því að upplýsa um að tafir eru á greiðslum til sveitarfélaga fyrir tímabilið janúar til mars 2023.

5. **2305185 - Bréf Hestamannafélagsins Spretts varðandi reiðvegmál í upplandi Garðabæjar, dags. 08.05.23.**
   Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

6. **2301018 - Tilkynning Landsnets um breytingu á áformum um að leggja Hamraneslínu í jörð innan bæjarmarka Garðabæjar, dags. 09.05.23.**
Í tilkynningunni kemur fram að Landsnet hefur ákveðið að breyta upphaflegum áformum um legu Hamraneslínu með þeim hætti að ekki verði farið með jarðstreng innan bæjarmarka Garðabæjar.

7. **2305207 - Tilkynning Landsnets varðandi kynningu á Kerfisáætlun 2023-2032 - Verk og matslýsing, dags. 10.05.23.**
Í tilkynningunni kemur fram að kerfisáætlun Landsnets ásamt framkvæmdaáætlun og umhverfiskýrslu er nú í opnu umsagnarferli sem stendur til 30. júní 2023.

8. **2305196 - Bréf Golfklúbbs Álftaness varðandi áform um að sækja um vínveitingaleyfi í golfskála að Þórukoti, dags. 10.05.23.**
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að Golfklúbbur Álftaness sæki um vínveitingaleyfi í golfskálanum að Þórukoti enda verði uppfyllt öll skilyrði til útgáfu leyfisins hjá sýslumanni.

9. **2305198 - Bréf eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga varðandi almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, dags. 09.05.23.**
Í bréfinu sem sent er til allra sveitarfélaga er upplýst um þau áhersluatriði sem eftirlitsnefndin mun hafa til hliðsjónar í störfum sínum á árinu 2023.

10. **2305222 - Bréf Skógræktarfélags Reykjavíkur varðandi ársskýrslu 2022.**
Lagt fram.

11. **2305224 - Bréf ÍSÍ um íþróttaþing og ársskýrslu ÍSÍ, dags. 09.05.23.**
Lagt fram.

12. **2304460 - Staða kjarasamningsviðræðna við Starfsmannafélag Garðabæjar.**
Verkfall starfsmanna í Starfsmannafélagi Garðabæjar sem starfa á leikskólum bæjarins hófst í gær og mun standa til hádegis í dag. Starfsemi leikskólanna hefur raskast verulega og hafa foreldra þurft að vera heima með börnum sínum a.m.k. hluta úr degi. Verkföll hafa verið boðuð í næstu viku á mánudag 22. maí, þriðjudag 23. maí og fimmtudag 25 maí frá opnun leikskólanna til kl. 12:00 að hádegi.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs fór nánar yfir stöðuna í leikskólum. Tveir leikskólar eru lokaðir en í öðrum leikskólum bæjarins er veitt takmörkuð þjónusta.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 16. maí 2023 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Guðlaugur Kristmundsson, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
20. (2073). fundur 2023

Þriðjudaginn 23. maí 2023 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger, formaður, Gunnar Valur Gíslason, varaformaður, Margrét Bjarnadóttir, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, Linda Udengård, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir, samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2202438 - Lautargata 6 -Umsókn um byggingarleyfi.**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hafsteini ehf., kt. 411069-0289, leyfi til að stækka B-rými í fjölbýlishúsi í byggingu að Lautargötu 6.

2. **2212314 - Markarflöt 18 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi.**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Lárusi Þorvaldssyni, kt. 160583-5179, leyfi til að rífa sólskála og byggja við núverandi einbýlishús að Markaflöt 18.

3. **2203547 - Vinastræti 1 - 3 - 2. áfangi Urriðaholtsskóla - Umsókn um byggingarleyfi.**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita umhverfissviði Garðabæjar leyfi til að byggja 2. áfanga húsnæðis Urriðaholtsskóla við Vinastræti 1-3.

4. **2210425 - Minniblað Mannvits varðandi verðfyrirspurn vegna stakstæðra loftræstisamstæða í kennslustofur austur- og vesturálmu Hofsstaðaskóla, dags. 15.05.23**
   Sviðsstjóri umhverfissviðs gerði grein fyrir niðurstöðum verðkönnunar vegna kaupa á stakstæðri loftræstisamstæðu fyrir Hofsstaðaskóla sem komið verður fyrir í kennslustofum í austur- og vesturálmu skólans.

   Bæjarráð samþykkir að gengið verði til samninga við Ventum ehf., kt. 441220-1380 um kaup á allt að 9 stakstæðum loftræstisamstæðum sem uppfylla hönnunarkröfur m.a. hvað varðar hljóðkröfur og kröfur um varmaendurvinnslu.

5. **2305293 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um rekstur gististaðar að Breiðabólstöðum.**
   Í umsókninni sækja Breiðabólstaðir ehf., kt. 710822-2390, um leyfi til að starfrækja gististað fyrir 19 gesti að Breiðabólstöðum á Álftanesi.

   Bæjarráð frestar afgreiðslu málsins.

6. **2305381 - Tilkynning frá innviðaráðuneytinu varðandi drög að reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli í samráðsgátt, dags. 17.05.23.**
   Í tilkynningunni er kynnt til samráðs drög að reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli.

7. **2305380 - Bréf Jakobs Lars Kristmannssonar varðandi styrk vegna þátttöku á Ólympíuleikum í eðlisfræði, dags. 17.05.23.**
Bæjarráð samþykkir að verða við erindi Jakobs Lars Kristmannssonar, kt. 310304-2630 um greiðslu sumarlauna 2023 vegna undirbúnings fyrir þátttöku á ólympíuleikjunum í eðlisfræði.

8. **2304460 - Staða kjarasamningsviðræðna við Starfsmannafélag Garðabæjar.**
Lögð fram tilkynning um niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna í Starfsmannafélagi Garðabæjar um verkföll. Í tilkynningunni kemur fram að samþykkt hefur verið verkfallsboðun á leikskólum, á bæjarskrifstofum, íþróttamannvirkjum og sundlaugum.

Hjá félagsfólki sem starfar í leikskólum Garðabæjar og á bæjarskrifstofum Garðabæjar frá og með mánudeginum 5. júní 2023 til miðvikudagsins 5. júlí 2023.

Hjá félagsfólki sem starfar í íþróttamannvirkjum og sundlaugum í Ásgarði og við Breiðumýri á Álftanesi er boðað ótímabundið verkfall frá og með mánudeginum 5. júní 2023.

Farið var yfir störf sem eru undanþegin verkfalli og rætt um mögulegar undanþágubeiðnir vegna starfa sem nauðsynleg eru til að tryggja almannaöryggi og aðbúnað eldri borgara, barna og ungmenna og fatlaðs fólks.

Tímabundin vinnustöðvun félagsmanna í Starfsmannafélagi Garðabæjar sem starfa í leikskólum heldur áfram í þessari viku. Almennt hefur gengið vel að aðlaga starfsemina við þessar aðstæður þó að veruleg þjónustuskerðing hafi verið, tveir leikskólar lokaðir og takmörkuð starfsemi á öðrum leikskólum.

Bæjarstjóri skýrði frá því að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi haldið reglulega upplýsingafundi með framkvæmdastjórum sveitarfélaganna um stöðu mála.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 23. maí 2023 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
21. (2074). fundur 2023

Þriðjudaginn 30. maí 2023 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger, formaður, Gunnar Valur Gíslason, varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson, varaáheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, Linda Udengård, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir, samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2206112 - Fjárhagsáætlun 2023 - lántaka.**
Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri kom á fund bæjarráðs og gerði grein fyrir tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga samtals að fjárhæð kr. 1.000.000.000. Lánið er jafngreiðslulán með lokagjalddaga 20. mars 2039, verðtryggt með 3,20% föstum vöxtum og án uppgreiðsluheimildar. Í skilmálum lánssamnings kemur fram að tilgangur lánsins er fjármögnun á verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, nánar tiltekið fjármögnun framkvæmda við byggingu Urriðaholtsskóla. Fyrir liggja drög að lánssamningi nr. 2306_34.

   Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.

2. **2302188 - Kauptún 1 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Lagernum Iceland ehf., kt. 451207-0750, leyfi fyrir stækkun núverandi verslunarhús á lóðinni að Kauptúni 1.

3. **2205229 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi synjun á umsókn lóðarhafa að Miðhrauni 18 um breytta legu byggingarreits.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar um að synja umsókn lóðarhafa að Miðhrauni 18 um breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns. Í umsókninni er farið fram á að breyta lögun byggingarreits lóðarinnar að Miðhrauni 18 til að gera mögulegt að stækka húsið með viðbyggingu á lóðinni að götu. Fyrir liggur umsögn deiliskipulagshöfundar þar sem fram kemur að umsókn um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar samrýmist ekki markmiðum deiliskipulags Molduhrauns m.a. um gagnkvæman umferðarrétt milli lóða og þá er einnig um að ræða að þrengt er að bílastæðum meðfram götu.

4. **2305398 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðraholts varðandi fjölgun íbúða við Þorraholt.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðraholts sem gerir ráð fyrir að hámarksfjöldi íbúða við Þorraholt fjölgi úr 220 í 236.

5. **2304507 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahverfi/Vatnsendahæð.**
Lögð fram.

6. **2304477 - Úthlutun og sala lóða á Hnoðraholti.**
Bæjarstjóri kynnti drög að úthlutunarreglum og drög að úthlutunarskilmálum vegna úthlutunar og sölu byggingarréttar lóða í 1. áfanga norðurhluta Hnoðraholts.

7. **2208428 - Greinargerð íþrótta- og tómstundaráðs varðandi nýtingu á óráðstöfuðu rými í Miðgarði, dags. í maí 2023.**
Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar sem haldinn var 18. ágúst 2022 var samþykkt tillaga um að fela íþrótta- og tómstundaráði að hefja vinnu við að móta hugmyndir um notkun á óráðstöfuðu rými í Miðgarði.

Íþrótta- og tómstundaráð hefur síðan í ágúst 2022 unnið að mótun tillögu að nýtingu rýmisins. Við mótun tillögunnar hefur verið haft samráð við íbúa, frjáls félög í Garðabæ, ungmennaráð, öldungaráð, félög eldri borgara, Íþróttasamband fatlaðra, Frístundaheimilið Garðahraun og fjölskyldusvið Garðabæjar. Einnig hefur verið rætt við sjálfstætt starfandi aðila á sviði heilsutengdrar starfsemi.

Við gerð tillögunnar þarf að taka mið af ákveðnum þáttum í frumhönnun hússins er varða m.a. lagnakerfi, loftræstikerfi, flóttaleiðir og staðsetningu stigahúsa.

Greinargerð ráðsins um tillögu að nýtingu rýmisins byggir á hugmyndum sem fram komu hjá samráðsaðilum um fjölnota sali og sérhæfð rými. Í tillögu ráðsins er lagt til grundvallar að sérhæfð rými fái aðstöðu á 2. hæð og að á 3. hæð verði fjölnota salir. Í greinargerðinni er einnig gerð grein fyrir hugmyndum sem fram komu hjá samráðsaðilum en þykja ekki getað komið til greina vegna innra skipulags hússins s.s. stærð rýma og lofthæðar

Bæjarráð vísar greinargerð ráðsins um tillögu um nýtingu óráðstafs rýmis á 2. og 3. hæð Miðgarðs til bæjarstjórnar.

8. **2211332 - Endurnýjun samninga við Ungmennafélag Álftaness 2023-2025.**
Bæjarráð samþykkir að vísa endurnýjun samstarfssamningi við Ungmennafélag Álftaness til afgreiðslu bæjarstjórnar.

9. **2305492 - Ályktun frá sameiginlegum fundi svæðisskipulagsnefnda höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja um greiðar, vistvænar og öruggar samgöngur milli höfuðborgarsvæðis og Suðurnesja.**
Bæjarráð vísar ályktuninni til kynningar í skipulagsnefnd og umhverfisnefnd.

10. **2301003 - Tilkynning frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu varðandi aðgerðaráætlun vegna heildarendurskoðunar á þjónustu við eldra fólk, dags. 25.05.23.**
Í tilkynningunni kemur fram að KPMG hefur unnið kostnaðar- og ábatagreiningu fyrir stjórnvöld sem veitir sýn á fjárhagsgögn ríkis og sveitarfélaga og samkeyrir við lýðfræðileg gögn.

Bæjarráð vísar málinu til kynningar í fjölskylduráði og öldungaráði.

11. **2305569 - Bæjarlistamaður Garðabæjar 2023**
Bæjarráð samþykkir tillögu menningar- og safnanefndar um tilnefningu á bæjarlistamanni Garðabæjar árið 2023. Tilnefningin verður tilkynnt á menningaruppskeruhátíð föstudaginn 2. júní 2023, kl. 17:00 í Sveinatungu.

12. **2305386 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs), 497. mál, dags. 17.05.23.**
Lagt fram.

13. **2304460 - Staða kjarasamningsviðræðna við Starfsmannafélag Garðabæjar.**
Í dag fram að hádegi þriðjudag, allan daginn á morgun miðvikudag og fram að hádegi á fimmtudag gildir vinnustöðvum félagsmanna í Starfsmannafélagi Garðabæjar sem starfa á leikskólum. Á mánudaginn 5. júní nk. tekur gildi vinnustöðvun félagsmanna í Starfsmannafélagi Garðabæjar sem starfa á leikskólum og á bæjarskrifstofum og gildir til 5. júlí nk.. Ótímabundin vinnustöðvun tekur gildi 5. júní nk. í íþróttamannvirkjum og sundlaugum í Ásgarði og við Breiðumýri, hafi samningar ekki náðst eða vinnustöðvun aflýst.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 30. maí 2023 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar
5. fundur 2023

Miðvikudaginn 17. maí 2023 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson varaáheyrnarfulltrúi, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2304498 - Innleiðing farsældar í Garðabæ**

   Kolbrún Þorkelsdóttir, verkefnastjóri innleiðingar farsældar barna í Garðabæ, situr fundinn undir þessum lið og svarar fyrirspurnum. Helga Guðmundsdóttir, málstjóri farsældar barna, situr einnig fundinn undir þessu lið.

2. **1903268 - Tölulegar upplýsingar í barnavernd og fjárhagsaðstoð**

   Tölfræði í barnavernd og fjárhagsaðstoð desember 2022 til apríl 2023 lögð fram til kynningar.

3. **1909205 - Jafnréttisstefna Garðabæjar 2019-2022**

   Fjölskylduráð felur fjölskyldusviði að hefja undirbúning að endurskoðun fjölmenningarstefnu og jafnréttisstefnu Garðabæjar.

4. **2203269 - Heimilislausir með fjölþættan vanda - Bókun 537. fundar stjórnar SSH**

   Skýrsla samstarfsverkefnis í málefnum heimilislausra í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi er lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar
17. fundur 2023

Miðvikudaginn 24. maí 2023 kl. 08:15 kom íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður, Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Einar Örn Ævarsson aðalmaður, Kári Jónsson íþrótta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi, Gunnar Richardson tómstundafulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþrótta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2305449 - Vinnuskólinn 2023 kynning ÍTG**

   Gunnar Hrafn Gunnarsson umsjónarmaður vinnuskólans fór yfir ráðningar flokksstjóra og umsóknir. Um 600 börn hafa nú þegar sótt um í sumar og má búast við einhverri viðbót. Samstarf er við Sumarfrístund barna og Atvinnutengda frístund, um stuðning við börn með sérþarfir í vinnuskólanum.

2. **2206154 - Miðgarður 2. og 3. hæð**

   ÍTG skilar hér með af sér greinargerð til bæjarráðs um framtíðarskipulag á 2. og 3. hæð Miðgarðs sem formaður ÍTG hefur unnið að ásamt nefndinni síðan í ágúst 2022.

3. **2303304 - Sumarfrístundastarf barna sumarið 2023 í Garðabæ**

   Sumarnámskeið barna eru kynnt á vefsvæði https://www.gardabaer.is/ibuar/ithrotta-og-tomstundastarf/sumarnamskeid-2023/
   Unnið hefur verið markvisst að því að hafa dagskrána þéttari fyrir 6-9 ára börnin en undanfarin ár. Börnum með sérþarfir er sérstaklega fylgt eftir í allt sumar (sjá vef Gb).

4. **2211332 - Endurnýjun samninga við UMFÁ 2023-2025**

   ÍTG samþykkir fyrirliggjandi drög að samstarfssamningi og vallarsamningi við UMFÁ sem gilda frá 2023 til og með 2025.

5. **2305334 - Katla María Geirsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Kötlu Maríu Geirsdóttur vegna landsliðsferðar vegna NM unglinga í áhaldafimleikum í Finnlandi 18. maí 2023

6. **2305044 - Þóranna Sveinsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- til Þórönnu Sveinsdóttur vegna NM Unglinga í fimleikum í Finnlandi 18. maí 2023

Önnur mál:
a. Hrannar Bragi sagði frá framkvæmdum í Mýrinni þar sem handboltafólk tók að sér að rífa parketið af salnum. Nýtt parket verður lagt á salinn og miðað við að hann verði kominn í fulla notkun um miðjan ágúst.
b. Rætt var um eftirlitsmyndavélar og merkingar á þeim á leiksvæðum svo sem við ærslabelgina.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
5. fundur 2023

Þriðjudaginn 9. maí 2023 kl. 16:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir formaður, Haukur Þór Hauksson aðalmaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Finnur Jónsson aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Björg Helga Geirsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Ásta Möller Sívertsen fulltrúi starfsmanna, Eydís Sigurðardóttir fulltrúi foreldra og Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Linda Udengard, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1803304 - Leyfi til daggæslu**

   Lagt fram umsókn um endurnýjun á leyfi dagforeldris. Leikskólanefnd mælir með endurnýjun á starfsleyfi. Gæða- og eftirlitsstofnun Velferðamála fjallar um leyfisveitinguna á grundvelli umsagnar frá leikskólafulltrúa.

2. **2303284 - Umsókn um leyfi til daggæslu barna í heimahúsi**

   Lagt fram umsókn um nýtt starfsleyfi dagforeldris. Leikskólanefnd mælir með að starfsleyfið verði veitt. Gæða- og eftirlitsstofnun Velferðarmála fjallar um leyfisveitinguna á grundvelli umsagnar frá leikskólafulltrúa.

3. **2304499 - Þróunarverkefni í leik- og grunnskóla**

   Kynnt þróunarverkefni í Sjálandsskóla frá og með næsta skólaári en þar verður starfrækt fimm ára deild til reynslu í eitt ár. Leikskóladeildin er sjálfstæð eining en vinnur í samstarfi við Sjálandsskóla. Leikskóladeild Flataskóla verður ekki rekin í skólanum frá og með haustinu 2023.

4. **2305101 - Vinnuhópur um bætt starfumhverfi leikskóla í Garðabæ**

   Að störfum er starfsteymi sem hefur það að markmiði að móta tillögur um bætt starfsumhverfi starfsfólks og barna í leikskólum Garðabæjar.
   Í teyminu eru einstaklingar frá leikskólum með mikla þekkingu á stjórnun og leikskólastarfi. Unnið er undir hratti hugmyndafræði sprettavinnu og markmiðið er að skila tillögum í þessum mánuði.

5. **2301120 - Lykiltölur í skólamálum**

   Kynnt yfirlit um fjölda barna á leik- og grunnskólaaldri skólarárið 2023-4. Einnig farið yfir stöðuna á úthlutun leikskólaplássa fyrir næsta skólaár. Í byrjun maí hafa allflest börn fædd 2021 og eldri fengið úthlutað leikskólaplássum sem og börn fædd á fyrstu sjö mánuði ársins 2022 (yngstu börnin verða eins árs í júlí).

6. **2303450 - Erindi til skólanefnda leik- og grunnskóla frá Hjallastefnunni**

Leikskólanefnd samþykkti að taka eitt mál með afbrigðum. Um er að ræða erindi til skólanefndar leik- og grunnskóla frá Hjallastefnunni. Framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar óskar eftir að færa skipulagsdaginn 25. september til 13. október vegna árlegs starfsdags Hjallastefnunnar. Leikskólanefnd samþykkir erindið en áréttar að starfsdagar í Garðabæ eru samræmdir hjá leik- og grunnskólum og mikilvægt er að halda því fyrirkomulagi.

7. **2303069 - Þróunarsjóður leikskóla 2023**

Áheyrnarfulltrúar leikskólanefndar viku af fundi undir þeim liðum fundar þar sem fjallað var um úthlutun úr þróunarsjóði leikskóla.
Úthlutað var úr þróunarsjóði leikskóla Garðabæjar 2023. Markmið með sjóðnum er að stuðla að framþróun og öflugu innra starfi leikskóla. Leikskólanefnd leggur til við bæjarráð að úthlutað verði úr Þróunarsjóði Garðabæjar kr. 6.954.000, í samræmi við reglur sjóðsins. Að þessu sinni bárust níu umsóknir og voru allar umsóknir samþykktar. Leikskólanefnd fagnar áhugaverðum umsóknum sem bera vitni um metnaðarfullt leikskólastarf í Garðabæ.

8. **2303696 - Þróunarsjóður leikskóla - Teymisvinna í lærdómssamfélagi**

Samþykkt

9. **2303701 - Þróunarsjóður leikskóla - Samtal um foreldrafærni**

Samþykkt

10. **2303702 - Þróunarsjóður leikskóla - Töfrar tónlistar 1-2 ára börn**

Samþykkt

11. **2303703 - Þróunarsjóður leikskóla - Forvitni í fyrirrúmi**

Samþykkt

12. **2303704 - Þróunarsjóður leikskóla - Heilsa og vellíðan**

Samþykkt

13. **2303705 - Þróunarsjóður leikskóla - Blær og Barnasáttmálinn**

Samþykkt

14. **2304137 - Þróunarsjóður leikskóla - Regnbogaskjóður- framhald - málörvun með sögum, söngvum og leik**

Samþykkt

15. **2304175 - Þróunarsjóður leikskóla - Byrjum á byrjuninni**

Samþykkt

16. **2304217 - Þróunarsjóður leikskóla - Leggjum við hlustir, börn hafa rödd - Lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólastarfi**

Samþykkt

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks
2. fundur 2022

Fimmtudaginn 25. maí 2023 kl. 08:30 kom samráðshópur um málefni fatlaðs fólks saman til fundar. í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 780/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 20. ágúst 2020

Fundinn sátu: Kristín Einarsdóttir formaður, Sveinbjörn Halldórsson aðalmaður, Bergþóra Bergsdóttir aðalmaður, Pála Marie Einarsdóttir umsjónarþroskaþjálfi og Svanhildur Þengilsdóttir forstöðumaður.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2203422 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 10. Stígakerfi í þéttbýli og almenningssamgöngur**

   Anna Kristín Guðmundsdóttir, frá Landslagi, kynnti Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 10. Stígakerfi í þéttbýli og almenningssamgöngur og svaraði fyrirspurnum.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
7. fundur 2023

Mánudaginn 22. maí 2023 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Egill Daði Gíslason deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1912201 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 4. Stígakerfi í Upplandi**

   Tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til stíga-og gatnakerfis í Upplandi Garðabæjar lögð fram að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.
   Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

2. **2009650 - Áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns**

   Tillaga að friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangs lögð fram að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.
   Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum en úrvinnsla málsins er í höndum Umhverfisstofnunar.

3. **2009538 - Útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum - nýtt deiliskipulag**

   Tillaga að deiliskipulagi útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum lögð fram að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.
   Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

4. **2104420 - Vífilsstaðahraun, deiliskipulag Fólkvangs**

   Tillaga að deiliskipulagi Vífilsstaðahrauns lögð fram að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.
   Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

5. **2210531 - Heiðmörk, breyting deiliskipulags. Reiðstígar og deiliskipulagsmörk.**

   Tillaga að breytingu deiliskipulags Heiðmerkur og Sandahlíðar lögð fram að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.
   Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

6. **2210532 - Urriðaholt austurhluti, breyting deiliskipulags, reiðstígur**

   Tillaga að breytingu deiliskipulag Urriðaholts austurhluta lögð fram að lokinni auglýsingu

ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.
Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

7. **2302240 - Flóttamannavegur - Deiliskipulagbreyting Urriðaholt norðurhluti 4.áfangi**

Tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts Norðurhluta 4 lögð fram að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.
Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

8. **2110129 - Arnarland. Deiliskipulag**

Jóhanna Helgadóttir hjá Arkþing-Nordic gerði grein fyrir mótun tillögu að deiliskipulagi Arnarlands sem unnið er að á vegum landeiganda í samráði við Garðabæ. Lilja Karlsdóttir samgönguverkfræðingur og Þráinn Hauksson landslagsarkitekt voru viðstödd fundinn undir þessum lið og tóku þátt í umræðum.
Skipulagsnefnd vísar hugmyndum til áframhaldandi mótunar og leggur áherslu á gott samráð við skipulagsyfirvöld í Kópavogi.Huga þarf vel að samgöngulausnum með áherslu á umferðarflæði, tengingar við aðliggjandi umferðaræðar og almenningssamgöngur (Borgarlínu).

9. **2304465 - Fráveitumál - endurskoðun 4. kafla í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030**

Skipulagssstjóri og sviðsstjóri umhverfissviðs gerðu grein fyrir þeirri tillögu að fjallað verði um fráveitu mál í þeirri vinnu sem nú fer fram við endurskoðun 4.Kafla greinargerðar Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem fjallar um samgöngu-og þjónustukerfi. Áformað var að við endurskoðun þess kafla yrði fyrst og fremst hugað að stígakerfi og almenningssamgöngum.
Fyrir liggur að huga þarf að fráveitumálum, m.a. á Álftanesi sem þurfa að eiga sér stoð í aðalskipulagi.
Skipulagsnefnd tekur undir tillöguna og leggur til að í þeirri mótun sem nú fer fram við endurskoðun 4.kafla verði einnig hugað að fráveitukerfi Garðabæjar og fengin verði sérfræðiráðgjöf á því sviði.

10. **2302671 - Hnoðraholt N,dsk.br. efstu hæðir ofl.**

Tillaga að breytingu deiliskipulags Hnoðraholts norður lögð fram að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum sem borist hafa.
Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjafa.

11. **2305398 - Hnoðraholt - Þorraholt - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hnoðraholts norður sem nær til íbúðarbyggðar við Þorraholt. Sigurður Hallgrímsson og Birkir Árnason hjá Nordic-arkitektum gerðu grein fyrir tillögunni.
Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúða hækki úr 220 íbúðum í 236.
Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

12. **2303085 - Holtsvegur 20 dsk.br. Urriðaholt norðurhluti 1.**

Tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts norðurhluta 1 sem nær til leikskólalóðarinnar Holtsvegur 20 lögð fram að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum sem borist hafa.
Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

13. 2305174 - Mávanes 22 - stækkun á byggingarreit

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa Mávaness 22 um hugmynd að viðbyggingu sem nær lítillega út fyrir byggingarreit.
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulagsstjóri vísi tillögu í ferli óverulegrar deiliskipulagsbreytingar deiliskipulags Arnarness sem innfelur grenndarkynningu þegar sótt hefur verið um hana á grundvelli þeirrar hugmyndar sem sett er fram í fyrirspurn.

14. 2304192 - Hagaflöt 14 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um hugmynd að viðbyggingu sem nær út fyrir byggingarreit að vestanverðu. Lengd bílageymslu á lóðarmörkum verður lengri en deiliskipulag heimilar.
Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

15. 2205229 - Miðhraun 18 breyting - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Molduhrauns sem gerði ráð fyrir stækkun byggingarreits á framlóð Miðhrauns nr.18.
Skipulagsnefnd hafnar þeirri tillögu sem lóðarhafa hefur lagt fram þar sem að umfang stækkunarinnar samræmist ekki markmiðum deiliskipulagsins.

16. 2305311 - Grímsgata 6 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Fyrirspurn vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar.
Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir vék af fundi undir þessum lið.

17. 2304507 - Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og tillaga að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahverf/Vatnsendahæð.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillögurnar.

18. 2305085 - Skipulag skógræktar - ábyrgð sveitarstjórna

Lagt fram.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
9. fundur 2023

Miðvikudaginn 3. maí 2023 kl. 08:15 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sjálandsskóla.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Rakel Steinberg Sölvadóttir aðalmaður, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Jóhann Skagfjörð Magnússon fulltrúi skólastjóra, Hjörtur Jónsson fulltrúi foreldra og Ragnheiður Stephensen fulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2304498 - Innleiðing farsældar í Garðabæ**

   Kolbrún Þorkelsdóttir verkefnisstjóri sagði frá innleiðingu þjónustu í þágu farsældar barna í Garðabæ.

2. **2212136 - Verkferlar er varða aðgerðir í tengslum við rakaskemmdir o.fl. í húsnæði stofnana bæjarins.**

   Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Garðabæjar og Alma Dagbjört Ívarsdóttir frá Mannvit, kynnti stöðu framkvæmda grunnskólum í tengslum við rakaskemmdir í húsnæði sveitarfélagsins.

3. **2301358 - Grunnskólar 2023-2024**

   Farið yfir innritanir og nemendafjölda í Garðabæ vegna skólaársins 2023-2024.

4. **2303450 - Erindi til skólanefnda leik- og grunnskóla frá Hjallastefnunni**

   Framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar óskar eftir að færa skipulagsdaginn 25. september til 13. október vegna árlegs starfsdags Hjallastefnunnar. Skólanefnd samþykkir erindið enda tryggi skólinn opnun frístundaheimilisins eins og tíðkast á starfsdögum fyrir þá sem þess óska.

5. **2304499 - Þróunarverkefni í leik- og grunnskóla**

   Sagt var frá þróunarverkefni í Sjálandsskóla frá og með næsta skólaári en þar verður starfrækt 5. ára deild til reynslu í eitt ár. Leikskóladeild Flataskóla verður ekki rekin í skólanum frá og með haustinu 2023.

6. **2304500 - Kynning og samtal við skólastjórnendur í Sjálandskóla**

   Skólanefnd þakkar skólastjórnendum Sjálandsskóla fyrir áhugaverða kynningu og lýsir ánægju með að kynnast skólanum og skólastarfinu með þessum hætti. Skólastjóri fór yfir nemendafjölda, mönnun, aðstæður og framtíðarhorfur.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Öldungaráð
2. fundur 2023

Mánudaginn 15. maí 2023 kl. 08:00 kom öldungaráð saman til fundar í Ísafold, Strikinu 3.

Fundinn sátu: Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Ólafur J Proppé aðalmaður, Margrét Björnsdóttir aðalmaður, Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu og Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2211434 - Kynning fyrir öldungaráð**

   Rannveig Albína Norðdhal hjúkrunardeildarstjóri sat fundinn undir þessum dagskrárlið, kynnti starfsemi Ísafoldar hjúkrunarheimilis og dagdvalar og svaraði fyrirspurnum.

2. **2304082 - Fjölgun rýma í dagdvöl Ísafoldar**

   Minnisblað um fjölgun rýma í dagdvöl Hrafnistu lagt fram til kynningar. Öldungaráð styður heilshugar við umsókn Hrafnistu og Garðabæjar um fjölgun dagdvalarrýma á Ísafold úr 20 í 30, enda þörfin afar brýn.

3. **2301003 - Gott að eldast - aðgerðaáætlun**

   Öldungaráð hefur áður fjallað um málið og telur að sá tími sem lagt er upp með í aðgerðaráætlun sé of langur en um er að ræða tímabilið 2023-2027. Öldungaráð styður áætlun um þróunarverkefni tengt samþættri heimaþjónustu þar sem lagt er til að félags- og heilbrigðisþjónusta sem veitt er eldra fólki í heimahúsi verði samþætt undir sameiginlegri mannafla- og fjármálastjórn.

4. **2203422 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 10. Stígakerfi í þéttbýli og almenningssamgöngur**

   Anna Kristín Guðmundsdóttir, frá Landslagi, kynnti Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 10. Stígakerfi í þéttbýli og almenningssamgöngur.
   Hrönn Hafliðadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála hjá Garðabæ, sat fundinn undir þessum dagskrárlið og svaraði fyrirspurnum. Stefnt er að kynningu á stígakerfinu fyrir félög eldri borgara í haust.

5. **2111356 - Lagfæringar/breytingar á Jónshúsi**

   Kynning á stöðu framkvæmda í Jónshúsi.

6. **2305179 - Skilabréf starfshóps um hagsmunafullrúa eldra fólks**

   Stefanía Magnúsdóttir, fulltrúi í öldungaráði, sem hefur setið i starfshóp á vegum Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins kynnir starf hópsins en hann hefur nú sent frá sér skilabréf.

7. **2305140 - Aðalfundur Öldrunarráðs Íslands 2023.**

Lagt fram til kynningar. Formaður öldungaráðs mun sækja fundinn.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

2. maí 2023,
13. fundur heilbrigðisnefndar, fundargerð.

Þriðjudaginn 2. maí 2023 var haldinn 13. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) og hófst hann kl. 16:30. Eftirtaldir aðalmenn eru boðaðir á fundinum, Linda Hrönn Þórisdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Bjarni Ingimarsson, Gnýr Guðmundsson, Ingibjörg Hauksdóttir og Svanur Karl Grjetarsson. Eftirtaldir starfsmenn eru einnig boðaðir á fundinn, Hörður Þorsteinsson, Þóra Dögg Jörundsdóttir og Ríkharður F. Friðriksson.

1 Skipulagsmál

1.1. Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi og deiliskipulagsbreytingu í Miðdalslandi, Mosfellsbæ. Sólbakki og Heiðarhvammur.

Lagt fram erindi frá skipulaginu í Mosfellsbæ þar sem óskað er umsagnar á tillögu að nýju deiliskipulagi og breytingu á deiliskipulagi í Miðdalslandi. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir fjórar frístundalóðir í Miðdalslandi, vestan Hafravatnsvegar og um 350 m frá gatnamótum Nesjavallavegar. Stærð lands er 2,1 ha. Ráðgert er að aðkoma frá Hafravatnsvegi verði í gegnum aðliggjandi frístundalóðir. Samhliða er gerð minniháttar deiliskipulagsbreyting á landi Heiðarhvamms, til að skilgreina aðkomu að frístundalandi Sólbakka. Í aðalskipulagi Mosfellsbæjar er landið L125340 skilgreint sem frístundabyggð, F-521.

Bókun:
Vel er hugað að skipulagi varðandi rotþrær og vatnstöku á svæðinu og gerir heilbrigðisnefnd ekki athugasemdir við tillöguna.

1.2. Matsskyldufyrirspurn um landfyllingu í Straumsvík og efnistöku.

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað er umsagnar á matsskyldufyrirspurn um landfyllingu í Straumsvík og efnistöku í Rauðamelsnámu skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Bókun:
Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að framkvæmdasvæðið er á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfi tjarnanna á svæðinu eru viðkvæmar fyrir raski og tjarnirnar njóta einnig verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.
Heilbrigðisnefnd telur að í greinagerðinni sé nægjanlega gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum. Inn af Straumvíkinni er að finna ísaltar tjarnir, svokallaðar Straumsvíkurtjarnir. Tjarnirnar eru á náttúruminjaskrá vegna einstakra lífsskilyrða. Mikilvægt er að

farið verði í mótvægisaðgerðir til að takmarka áhrif framkvæmda á tjarnirnar og gerð verði viðbragðsáætlun sem tryggi að lífríki tjarnanna verði ekki fyrir skaða.
Hafnarsvæðið sjálft sem stendur á Kapelluhrauni nýtur sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd, en því hefur nú þegar verið raskað þannig að áhrif landfyllingar eru óveruleg.
Vakin er athygli á að vinnsla jarðefna er starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

2 Umhverfisvöktun

2.1. Umhverfisvöktun, mælingar á málmum í svifryki

Lögð fram skýrsla unnin af Hermanni Þórðarsyni fyrir Hafnarfjarðarbæ og heilbrigðiseftirlitið. Í skýrslunni eru dregnar saman niðurstöður úr rannsóknum og mælingum á málmum í svifryki sem safnað var við iðnaðarlóðir við Íshellu í Hafnarfirði síðari hluta árs 2022. Sýnatökur og mæliaðferðir nú eru hliðstæðar og þegar þungmálmar voru mældir að Norðurhellu í Hafnarfirði fyrir um fimm til sex árum. Íshella er inni í miðju iðnaðarhverfinu andstætt Norðurhellu sem er utan eða í jaðri hverfisins. Það kom því ekki á óvart að sumir málmanna, s.s. arsen, kopar, nikkel, blý og sink hafi mælst í töluvert hærri styrk á Íshellu en staðfest hefur verið áður í greiningu á Norðurhellu. Eigi að síður var styrkur þeirra almennt lágur og vel undir viðmiðunarmörkum um andrúmsloft á Íslandi þegar slík mörk eru fyrir hendi. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu stofnunarinnar; heilbrigdiseftirlit.is.

Bókun:
Heilbrigðisnefnd þakkar hlutaðeigandi fyrir ofangreinda rannsókn og skýrslu. Nefndin minnir á að svæðið í kringum Íshellu og í námunda við álverið er ætlað fyrir þungaiðnað og skylda starfsemi. Samkvæmt deiliskipulagi er því búseta þar óheimil og einnig rekstur matvælafyrirtækja og önnur viðkvæm starfsemi.

2.2. Loftgæðavöktun Dalsmára og Norðurhellu

Lagt fram til kynningar skýrslur um umhverfisvöktun Dalsmára og Norðurhellu, mælingar í lofti unnar af Hermanni Þórðarsyni. Teknar eru saman niðurstöður mælinga í lofti og eru þeir mæliþættir, svifryk, PM_{10} og $PM_{2,5}$, nituroxíð (NO, NO_2, NO_x), brennisteinstvíoxíð (SO_2) og brennisteinsvetni (H_2S).
Breytingar frá fyrra ári voru til lækkunar á meðaltölum svifryks og brennisteinstvíóxíðs en árið 2021 mátti sjá áhrif eldgoss við Fagradalsfjall á þær breytur. Svifryk var í lægra lagi árið 2022 en brennisteinstvíoxíð í rúmu meðallagi miðað við lengri tíma. Brennisteinsvetni var með hæsta móti.
Umferð um svæðið hefur verið að aukast á árinu 2022 frá fyrri árum og kemur það fram með þeim hætti að styrkur nituroxíða jókst nokkuð frá fyrra ári, en var enga síður í tæpu meðallagi. Helstu niðurstöður fyrir Dalsmára og Norðurhellu eru þær að mælingar á árinu fóru ekki yfir umhverfismörk sem sett eru og eru allvel undir slíkum mörkum.

Bókun:
Heilbrigðisnefnd þakkar samantektina og vekur athygli á að hægt er að nálgast skýrslurnar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. Teknar hafa verið saman niðurstöður úr loftgæðastöðvum við

Norðurhellu og Dalsmára nú í nokkur ár og er mikilvægt að nákvæmar upplýsingar liggi fyrir um þróun loftgæða á svæðinu. Á þessu ári verður tekin í notkun ný loftgæðastöð sem til að byrja með verður staðsett við Hörðuvallaskóla í Kópavogi og eins er á áætlun að koma fyrir loftgæðastöð á Álftanesi síðar á árinu.

2.3. Loftgæðamælingar á Hvaleyrarholti og niðurstöður gróðurmælinga fyrir árið 2022.

Lagðar fram skýrslur um umhverfisvöktun á vegum RioTinto fyrir árið 2022. Skýrslur unnar af Efnagreiningum, Hafrannsóknarstofnun. Jafnframt lögð fram skýrsla, mælingar í lofti, dags. mars 2023, Flúormælingar í gróðri í umhverfi Rio Tinto á Íslandi.

Umhverfisvöktun Hvaleyrarholti.

Í heild voru mælingar ársins 2022 nokkurn vegin í meðallagi. Suðvestan áttir eru óalgengar en á árinu var tíðni þeirra ráðandi um 14% tímans sem er sambærilegt fyrri árum. Ráðandi áttir eru sem fyrr, sunnan- til austanáttir og svo norðnorðaustanátt þar á eftir. Svifryk lækkaði aðeins frá síðasta ári og mældist í meðallagi. Ekki var hægt að mæla PM10 á árinu vegna bilunar. Brennisteinstvíoxíð lækkaði verulega frá síðasta ári en mældist þó lítilega yfir meðallagi undanfarinna ára. Brennisteinsvetni og flúor mældust svipuð og undanfarin ár. Nituroxíð hækkuðu í heild nokkuð frá síðasta ári en mældust þó í meðallagi.

Flúormælingar í gróðri í umhverfi Rio Tinto á Íslandi

Fjallað er um niðurstöður mælinga vegna umhverfisvöktunar í umhverfi Rio Tinto fyrir árið 2022. Mælingar eru gerðar árlega á gróðri (grasi, laufi og barri) og á vatni úr Kaldá. Í ár var sýnatöku á birkilaufum bætt við á fjórum stöðum í samræmi við uppfærða Umhverfisvöktunaráætlun. Flúorinnihald í grassýnum er hátt, á öllum svæðum, ef miðað er við tímabilið frá 1992, meðaltal er um 5 ppm í óábornu grasi. Öll gildi utan svæðis takmarkaðrar ábyrgðar eru lægri en viðmiðunargildi um þolmörk grasbíta (30 ppm, reglugerð nr.340/2001 með síðari breytingum). Magn flúors í laufsýnum árið 2022 er einnig hátt, ársmeðaltal er um 9 ppm. Styrkur flúors í öllum sýnum er undir þolmörkum lauftrjáa sem eru um 200 ppm af flúor í plöntuvef. Flúormagn í barrsýnum lækkar hinsvegar milli ára og er ársmeðaltal um 4 ppm fyrir 1. árs barr. Öll mæligildi utan svæðis takmarkaðrar ábyrgðar eru lægri en 30 ppm en barrtré eru með þolmörk við 30-100 ppm, fer eftir tegund. Hækkun á gildum í grasi og laufi er aðallega vegna septembersýna og ber dreifingu á flúorgildum ekki saman við uppsprettu frá álverinu í Straumsvík. Líkt og 2021 hefur eldgos, nú í Meradölum, sem hófst 3. ágúst verið uppspretta hluta flúors sem mældist í sýnum teknum í september.

Bókun:

Samkvæmt starfsleyfi álversins hefur nú verið bætt við veðurstöð á mælistöðina á Hvaleyrarholti og eins hefur verið komið fyrir nýrri mælistöð suðvestur af álverinu í Lónakoti. Heilbrigðisnefnd telur mikilvægt að loftgæðavöktun verði efld en frekar og fagnar því að ítarlegri upplýsingar liggi fyrir um loftgæði á þessu ári. Heilbrigðisnefnd vill þó árétta að mælingar á árinu hafa ekki farið yfir umhverfismörk sem sett eru og eru allvel undir slíkum mörkum. Þá er aukið flúormagn sem fram kemur í september sýnum rakið til eldgos sem hófst 3. ágúst sl.

3 Önnur mál

3.1 Olíumengun frá bensínstöð Costco

Lögð fram lokaeftirlitsskýrsla dags. 19. apríl 2023 til Costco Wholesale Iceland ehf. þar sem gerð er grein fyrir andmælum Costco gagnvart nokkrum þáttum skýrslunnar. Þá hefur heilbrigðiseftirlitið tekið saman þann kostnað vegna lekans, en um er að ræða kostnað við lekaleit, á bilanatímanum, kostnað við eftirlit, kostnað við umhverfisvöktun og leit að ummerkjum um olíumengun vegna lekans og aðra eftirfylgni vegna olíulekans.

Bókun.

Heilbrigðisnefnd ítrekar fyrir afstöðu sína um að mikilvægt sé að kannað verði ítarlega og fylgst með hvort einhver ummerki umhverfismengunarsé að finna vegna olíulekans.

3.2. Starfsleyfi fyrir jarðboranir í Þormóðsdal, Mosfellsbæ.

Í samræmi við bókun frá síðasta fundi nefndarinnar var gengið frá svari heilbrigðisnefndar varðandi erindi Iceland Resources ehf. um útgáfu starfsleyfis vegna jarðboranna í Þormóðsdal. Iceland Resources ehf. lögðu fram andmæli dags. 17. mars 2023 þar sem þeir óskuðu eftir að heilbrigðisnefnd endurskoðaði afstöðu sína um að hafna leyfi félagsins til jarðboranna í Þormóðsdal. Niðurstaða heilbrigðisnefndar að teknu tilliti til andmæla umsækjanda var að ekki séu forsendur til útgáfu starfsleyfis vegna jarðboranna í Þormóðsdal fyrr en fyrir liggur samþykki Mosfellsbæjar um að framkvæmdin sé ekki framkvæmdaleyfisskyld og í samræmi við samþykktir sveitarfélagsins. Þá þurfi jafnframt að liggja fyrir samþykki landeiganda um að haft hafi verið samráð um tilhögun framkvæmda. Þessi niðurstaða var kynnt umsækjanda dags. 17. apríl. 2023. Iceland Resources ehf. hefur kært þessa ákvörðun heilbrigðisnefndar með erindi dags. 25. apríl 2023 til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Bókun:

Framkvæmdastjóra falið að taka saman gögn málsins og senda rökstuðning heilbrigðisnefndar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Linda Hrönn Þórisdóttir — *Ingibjörg Hauksdóttir*

Gnýr Guðmundsson — *Svanur Karl Grjetarsson*

Bjarni Ingimarsson — *Hannes Tryggvi Hafstein*

4 Starfsleyfi og umsagnir

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 29. mars 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.1. Einhella 2, Hafnarfjörður – hundaskóli

Lögð fram umsókn Heiðrúnar Klöru Johansen f.h. Hundaakademía ehf., kt. 530821-0560, dags. 17.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hundaskóla, námskeiðahald að Einhellu 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. F233-0061. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 07.03.2023
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 22.03.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 23.03.2023.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.2. Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður – ísbúð

Lögð fram umsókn Amirfarhad Imani, f.h. ÍS STOFAN ehf., kt. 620422-1690, dags. 12.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir ísbúð að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Húshlutanr.01 0113.
Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 27.3.2023.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 20.03.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 21.03.2023.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.3. Móhella 1c, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Þórarins Óla Jónssonar f.h. Hydrate ehf., kt.580122-0270, dags. 07.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Móhellu 1c, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2517931. Ný starfsemi. Dreifing með vörugeymslu. Eftirlitsskýrsla dags. 29.03.2023.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 22.03.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 23.03.2023.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

4.4. Trönuhraun 1, Hafnarfjörður – heildverslun með matvæli

Lögð fram umsókn Stefáns H. Berg Petersen f.h. Celsius dreifing ehf., kt. 410323-1090 dags. 27.03.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Trönuhrauni 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2269145,F2214962,F2214966. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 28.03.2023.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Staðfestingar á skráningarskyldum atvinnurekstri sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

4.5. Bláfjallavegur, flugeldasýning

Lögð fram umsókn um skráningaskyldan atvinnurekstur f.h. Nordic Luxury ehf., kt.601113-1200 dags. 14.03.2023, þar sem sótt er um Flugeldasýningu við Aurora Base Camp Bláfjallavegi, Hafnarfirði. Þann 30.03.2023 frá kl. 20.55-21:00.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

4.6. Víkingastræti 2, Hafnarfjörður – niðurrif

Lögð fram umsókn um skráningaskyldan atvinnurekstur f.h. Fjörusteinn ehf., kt.660500-2510 dags. 15.03.2023, þar sem sótt er um niðurrif hluta mannvirkja við Víkingastræti 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079479. Eftirlitsskýrsla dags.27.03.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest. Niðurrifstími 01.06.2023-31.08.2023.

4.7. Auðbrekka 17, Kópavogur – bifreiða- og vélaverkstæði

Lögð fram umsókn Péturs Þórs Elíassonar, um skráningaskyldan atvinnurekstur f.h. ExaltBílar ehf., kt. 520822-0380, dags. 23.03.2023, þar sem sótt er um leyfi fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Auðbrekku 17, Kópavogi. Fasteignanr.F2058764. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 16.02.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

4.8. Smiðjuvegur 74, Kópavogur – málmsmiðja

Lögð fram umsókn Arnars Friðgeirssonar, um skráningaskyldan atvinnurekstur f.h. Blikkás ehf., kt. 700184-0489, dags. 20.03.2023, þar sem sótt er um leyfi fyrir málmsmiðju að Smiðjuvegi 74, Kópavogi. Fasteignanr.F2273850. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 22.03.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

4.9. Smiðjuvegur 32, Kópavogur – trésmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Salvars Guðmundssonar, um skráningaskyldan atvinnurekstur f.h. SG Gluggar og útihurðir ehf., kt. 440100-3680, dags. 26.03.2023 þar sem sótt er um leyfi fyrir trésmíðaverkstæði að Smiðjuvegi 32, Kópavogi. Fasteignanr. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 21.03.2023.

Með vísan í skráningarreglugerð nr. 830/2022 er skráning staðfest.

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 4. apríl 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.10. Búðarhella 4Ó, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Piotr Andrzejczyk., f.h. Alko Import ehf., kt.470323-1160, dags. 24.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Búðarhellu 4Ó, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2515372.Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 30.03.2023.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 28.03.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 28.03.2023.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

4.11. Suðurgata 9, Hafnarfjörður– gististaður

Lögð fram umsókn Ýrar Káradóttur f.h. Reykjavík Trading Co. kt. 700412-1480, dags. 21.03.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gististað að Suðurgötu 9, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079684. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 3.04.2023.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

4.12. Bjarkarholt 12, Mosfellsbær – veitingastaður

Lögð fram umsókn Emils Helga Lárussonar, f.h. SÍ hf. / Serrano, kt. 411002-2840, dags. 26.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Bjarkarholti 12, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2503316. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 03.04.23.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 29.03.2023. Jákvætt svar byggingafulltrúa 05.04.2023.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.13. Bjarkarholt 12, Mosfellsbær – kaffihús

Lögð fram umsókn Guðna Samúelssonar, f.h. Kaffi Gloriu hf., kt. 670422-2400, dags. 26.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir kaffihús að Bjarkarholti 12, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2503316. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 03.04.23.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 29.03.2023. Jákvætt svar byggingafulltrúa 05.04.2023.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.14. áholt 13-15, Mosfellsbær – veitingaverslun

Lögð fram umsókn Sigríðar Maríu Hilmarsdóttur, f.h. Tokyo veitingar ehf., kt. 670710-0920, dags. 08.02.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir sölubás inn í Krónunni Háholti 13-15, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2291517. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 04.04.2023.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.15. Æðarhöfði 36, Mosfellsbæ – vélaverkstæði

Lögð fram umsókn Ágústs Jenssonar f.h. Golfklúbbur Mosfellsbæjar kt.650581-0329 dags. 09.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir áhaldahús golfvallar að Æðarhöfða 36, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2300048. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 04.04.2023.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.16. Eiðistorg – naglasnyrtistofa

Lögð fram umsókn Tanyja Kolesnyk f.h. ATD ehf., kt. 541122-0440, dags. 27.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir naglasnyrtistofu í Eiðistorgi. Fasteignanr. F2067322. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 04.04.2023

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

4.17. Bjarkarholt 12, Mosfellsbær - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.03.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kaffi Gloría ehf., kt. 670422-2400, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir kaffihús í fl. II að Bjarkarholti 12, fnr.F2503316. Eftirlitsskýrsla dags. 03.04.23.

Jákvæð umsögn með vísun til starfsleyfi dags.05.04.2023.

4.18. Háholt 2, Mosfellsbær - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.04.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hilmars Gunnarssonar, kt. 200582-4469 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir samkomu þann 20.04.2023 frá kl. 20:00-00:00 í Hlégerði, Háholti 2, Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi 180 manns.

Jákvæð umsögn staðfest

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 12.04. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.19. Cuxhavengata 1, Hafnarfjörður – pökkun hreinlætisvara

Lögð fram umsókn Róberts B. Jóhannessonar, f.h. Mosey ehf., kt. 550396-2629, dags. 19.01.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hreinlætisvörur, pökkun efnasambanda að Cuxhavengötu 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2305159. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 03.04.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.01.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 25.01.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Staðfestingar á skráningarskyldum atvinnurekstri sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

4.20. Óseyrarbraut 6, Hafnarfjörður – trésmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Óskar Óskarsson f.h. Valeska ehf., kt.411009-0680, dags. 06.04.2023, þar sem sótt er um skráningu til framleiðslu á brettum og endurvinnslu á timbri að Óseyrarbraut 6, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2285975
Eigendaskipti.
Eftirlitsskýrsla dags. 11.04.2023
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest

4.21. Straumsvík, Hafnarfjörður – niðurrif mannvirkja

Lögð fram umsókn Hermanns Guðmundssonar f.h. Ístak hf., kt.430214-1520, dags. 30.03.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif og förgun á asbest klæðningu í ÍSAL Straumsvík, Hafnarfirði.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

4.22. Stórikriki 17, Mosfellsbæ – meindýraeyðir

Lögð fram umsókn Daníels M. Einarssonar f.h. Jesiceland ehf., kt.500120-0450 dags. 07.03.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir meindýraeyði að Stórakrika 17, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2294818. Eftirlitsskýrsla dags. 30.03.2023
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 19.04. 2023

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.23. Kinnargata 14, Garðabær– dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Ásu Reginsdóttur f.h. Olifa á Íslandi ehf., kt. 690518-0660, dags. 20.03.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Kinnargötu 14, Garðabæ. Fasteignanr. F2315425. Endurnýjun. Vörugeymsla og vörudreifing er frá vöruhóteli. Eftirlitsskýrsla dags. 19.04.2023.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er samþykkt starfsleyfi.

4.24. Vesturtún 49a, Garðabær– matarvagn

Lögð fram umsókn Róberts Arons Magnússonar f.h. Matur ehf., kt. 470111-0890, dags. 24.03.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matarvagn með lögheimili að Vesturtúni 49a, Garðabæ. Fasteignanr. F2230694. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 19.04.2023.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

4.25. Smárahvammur 3, Kópavogur – heimili fyrir fatlaða

Lögð fram umsókn Stefáns Arnarssonar, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 17.04.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir heimili fyrir fatlaða að Smárahvammi 3, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079050. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 14.04.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

4.26. Skálaheiði 2, Kópavogur – íþróttahús

Lögð fram umsókn Guðmundar Tr. Ólafssonar, f.h. Skotíþróttafélags Kópavogs, kt. 490389-2969, dags. 28.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir félags- og æfingaaðstöðu að Skálaheiði 2, Íþróttahúsi Digranes, Kópavogi. Fasteignanr. F2064841. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 18.04.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.27. Skemmuvegur 14, Kópavogur – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Kára Péturs Ólafssonar, f.h. Reykofninn ehf., kt. 540379-0259, dags. 05.03.2023, þar sem sótt er um viðbót við starfsleyfi til frystingu á fiski að Skemmuvegi 14, Kópavogi. Fasteignanr. F2064884 og F2315137. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 18.04.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 26.04. 2023

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.28. Iðnbúð 2, Garðabær– dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Hauks Magnússonar f.h. Ávaxtabílinn ehf., kt. 710815-0380, dags. 16.11.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Iðnbúð 2, Garðabæ. Ný starfsemi. Fasteignanr. F2070949. Eftirlitsskýrsla dags. 21.02.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12.ára.

4.29. Suðurhella 8, Hafnarfjörður– dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Birgis Más Sigurðssonar f.h. Þoran Distillery ehf., kt. 680513-0820, dags. 13.12.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Suðurhellu 8, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2306866. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 26.04.2023

Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

4.30. Vesturvör 36, Kópavogur – lager og vöruafgreiðsla

Lögð fram umsókn Björns Kr. Bragasonar, f.h. Freyja ehf., kt. 701280-0169, dags. 13.04.2023, þar sem sótt er um starfsleyfis fyrir matvörudreifingu að Vesturvör 36, Kópavogi. Fasteignanr. F2282498. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 25.04.2023.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

Garðatorg 1-4, Garðabæ – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.04.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Garðabæjar, kt. 570169-6109 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir Jazzhátíð Garðabæjar þann 19.05.2023–21.05.2023 frá kl. 12:00-00:30 haldin í göngugötu, glerskálanum Garðatorgi 1-4. Áætlaður gestafjöldi 500 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

Linda Hrönn Þórisdóttir

Ingibjörg Hauksdóttir

Gnýr Guðmundsson

Svanur Karl Grjetarsson

Bjarni Ingimarsson

Hannes Tryggvi Hafstein

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

116. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í bæjarstjórnarsal Kópavogs, Hábraut 2, Kópavogi, föstudaginn
28. apríl 2023
og hófst hann kl. 13:30.

Fundinn sátu:
Aldís Stefánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Valdimar Birgisson, Björg Fenger, Elís Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Pálmar Halldórsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kjartan Magnússon, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Pawel Bartoszek og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Pawel Bartoszek, formaður, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. **Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur - vinnslutillaga - 2005005**

SSH og Skipulagsstofnun hafa frá lokum árs 2020 unnið að þróun leiðbeininga um ofangreint efni í samstarfi við Teiknistofuna STIKU, en að verkefninu komu einnig EFLA og Landmótun landslagsarkitektar. Leiðbeiningar eru hluti af framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og tilgreindar sem sérstök aðgerð sem skuli koma til framkvæmda.

Drög að leiðbeiningum voru kynntar á 111. fundi nefndarinnar dags. 11. nóvember 2022 en áður, 4. október 2022, hafði SSH og Skipulagsstofnun kynnt verkefnið fyrir hagaðilum og óskað eftir ábendingum. Yfir 20 aðilar sendu ábendingar.

Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagstjóra dags. 24. apríl 2023 ásamt fylgigögnum. Lagt er til að framlögð útgáfa leiðbeininga verði samþykkt sem vinnslutillaga og svæðisskipulagsstjóra veitt heimild til birtingar á heimasíðu Skipulagsstofnunar til loka október 2023 þar sem hagaðilum, atvinnulífi og almenning verður gefið tækifæri að kynna sér efni leiðbeininga og gefa athugasemdir. Að þeim tíma loknum verði athugasemdir rýndar og endanleg tillaga tekin til meðferðar hjá svæðisskipulagsnefnd og birt á heimasíðu Skipulagsstofnunar.

Gestir

Ólafur Arnarsson, Skipulagsstofnun og Magnea Guðmundsdóttir, Stika. - 13:30

Umræður.

Samþykkt

Helga Jónsdóttir vék af fundi undir lið nr. 2

2. KÓP Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79. Breytt deiliskipulag - 2303013

Fyrirliggjandi er bréf skipulagsfulltrúa Kópavogs dags. 15. mars 2023 vegna ofangreinds þar sem óskað er umsagnar svæðisskipulagsnefndar. Einnig lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 24. apríl 2023.

Umræður.

Samþykkt

Helga Jónsdóttir tók aftur sæti á fundi.

Kjartan Magnússon tók sæti á fundi undir lið nr. 3.

3. Heimsókn svæðisskipulagsnefndar til Suðurnesja 12. maí 2023 - 2003003

Í samræmi við áherslur nefndarinnar sem voru samþykktar á 110. fundi er fyrirhugað að nefndin heimsæki svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja 12. maí nk. Drög að dagskrá eru lögð fram til kynningar ásamt tillögu að ályktun nefndanna.

Umræður.

Lagt fram til kynningar

4. Uppland Garðabæjar, Urriðavatnsdalir, Urriðakotshraun, Heiðmörk og Vífilsstaðahraun - 2204001

Fyrirliggjandi er tölvupóstur skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 14. mars 2023 þar sem óskað er umsagna vegna skipulagstillagna sem eru í kynningu:
- Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar og vegna Flóttamannavegar.
- Tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum (Golfvöllur og fólkvangur).
- Tillaga að deiliskipulagi fólkvangs í Vífilsstaðahrauni.
- Tillaga að breytingu deiliskipulags Heiðmerkur og Sandahlíðar.
- Tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta.

Skipulagsfulltrúi Garðabæjar kynnir framlagðar tillögur fyrir nefndinni.

<u>Gestir</u>

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar - 14:15

Umræður.

Frestað

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

117. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Skógarbraut 946 Ásbrú, 262 Reykjanesbæ, föstudaginn 12. maí 2023
og hófst hann kl. 13:30.

Fundinn sátu:
Aldís Stefánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Valdimar Birgisson, Björg Fenger, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Pawel Bartoszek og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Hildur Björnsdóttir tók þátt í fundinum með fjarfundarbúnaði.

Pawel Bartoszek formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. **Uppland Garðabæjar, Urriðavatnsdalir, Urriðakotshraun, Heiðmörk og Vífilsstaðahraun - 2204001**

Erindið var kynnt á 116. fundi þann 28. apríl 2023, var frestað og er nú lagt fram að nýju.

Fyrirliggjandi er tölvupóstur skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 14. mars 2023 þar sem óskað er umsagna vegna skipulagstillagna sem eru í kynningu:
- Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar og vegna Flóttamannavegar.
- Tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum (Golfvöllur og fólkvangur).
- Tillaga að deiliskipulagi fólkvangs í Vífilsstaðahrauni.
- Tillaga að breytingu deiliskipulags Heiðmerkur og Sandahlíðar.
- Tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta.

Lögð fram umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 12. maí 2023 til samþykktar.

Umræður.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:45.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

557. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 15. maí 2023
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:
Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. **Málefni fatlaðra - fjármögnun málaflokks - 2207001**

   Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og Haraldur L. Haraldsson og Arnar Haraldsson eru gestir fundarins. Þeir síðarnefndu kynna þá vinnu sem hefur farið fram við endurskoðun á lagaumgjörð málaflokksins og kostnaðargreiningu hans. Ríki og sveitarfélög þurfa svo að hefja viðræður um umfang og fjármögnun málaflokksins á grundvelli þeirrar greiningar sem farið hefur fram en áætlað er að starfshópurinn sem nú er að störfum skili tillögum í maí/júní. Umræður.

   Gestir

   Haraldur L. Haraldsson

   Arnar Þór Sævarsson

   Arnar Haraldsson

   Niðurstaða:

   Umræður

2. **Málefni kjarasamninga 2023 - 2301013**

   Umræður um stöðu kjaraviðræðna og fyrirhuguð verkföll BSRB, en málinu hefur nú verið vísað til ríkissáttasemjara.

   Gestir

   Arnar Þór Sævarsson

   Niðurstaða:

   Umræður

3. **Nýjar rannsóknarborholur í Bláfjöllum - 2107002**

   Á grundvelli ákvörðunar 553. fundar stjórnar SSH var farið í útboð vegna rannsóknarborhola í Bláfjöllum. Engin tilboð bárust en útboðið stóð yfir frá lokum mars til 2. maí.

Fyrirliggjandi er minnisblað Jóns Kjartans Ágústssonar dags. 15. maí 2023 þar sem lagt er til að SSH verði falið að ganga til samninga við aðila á markaði um framkvæmd rannsóknarborhola í Bláfjöllum.
Endanleg drög að samningi verði lögð fyrir stjórn til samþykktar þegar þau liggja fyrir.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson

Niðurstaða:

Samþykkt

4. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu - 1505001

Fyrirliggjandi er fundargerð 32. fundar samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 21. mars 2023.
Fyrirliggjandi er fundargerð 33. fundar samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 4. maí 2023.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

5. Borgað þegar hent er - hringrásarhagkerfið - úrgangsmál - 2206002

Fyrirliggjandi er minnisblað tæknihóps í úrgangsmálum dags. 15. maí 2023 varðandi samræmingu aðferðafræði við innleiðingu "borgað þegar hent er" auk tillögu að afgreiðslu málsins.

Gerð er tillaga um að tæknihópur sveitarfélaganna vinni áfram að verkefninu sem felur í sér að samræma innheimtufyrirkomulag sveitarfélaganna vegna meðhöndlunar úrgangs samkvæmt rúmmálsleið. Einnig að tæknihópur taki þátt í verkefninu hraðallinn með Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þegar endanlegar tillögur að útfærslu liggja fyrir, verði þær sendar sveitarfélögum til umræðu og afgreiðslu.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson

Niðurstaða:

Tillagan er samþykkt og tæknihópi sveitarfélaganna falið að vinna áfram að því til samræmis við fyrirliggjandi tillögur um framhald málsins. Er fulltrúum hópsins þá jafnframt veitt heimild, eftir atvikum með aðkomu hlutaðeigandi sviðsstjóra, til að skrifa undir viljayfirlýsingu um þátttöku í "Borgað þegar hent er hraðall" - samstarfsverkefni með Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

6. Höfuðborgargirðing - Elliðakotsland / Fossvallá - endurnýjun og breytt lega - 2210002

Á 554. fundi stjórnar SSH var samþykkt að hefja vinnu við endurnýjun girðingar í landi Elliðakotslands og fjármögnun vegna þeirrar vinnu, þ.e. að kostnaður umfram fjárhagsáætlun 2023, vegna girðingarmála, að upphæð 1.1 milj. kr.

verði fjármagnaður úr fjárhagslið annars verkefnakostnaðar skv. fjárhagsáætlun SSH. Fyrirliggjandi eru drög að samkomulagi SSH og landeiganda í Elliðakotslandi vegna endurnýjunar höfuðborgargirðingar á svæðinu, og er gerð tillaga um að framkvæmdastjóra SSH verði falið fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar þess.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson

Niðurstaða:

Samþykkt

7. Umsagnir þingmála - 1910005

Umsögn SSH við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028, 894. mál, sem send var hinn 21. apríl sl., að höfðu samráði við stjórn með tölvupóstum, lögð fram til staðfestingar.

Umsögn SSH við drög að Hvítbók um samgöngumál: drög að stefnumótandi samgönguáætlun 2024 til 2038 og fimm ára aðgerðaráætlun, sem send var hinn 21. apríl sl., að höfðu samráði við stjórn með tölvupóstum, lögð fram til staðfestingar.

Þá hafa SSH fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tímabundinna undanþága frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 1028. mál. Fyrirliggjandi er minnisblað Jóns Kjartans Ágústssonar svæðisskipulagsstjóra um frumvarpið, helstu efnisatriði þess, og álitaefni tengd frumvarpinu.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson

Niðurstaða:

Umsagnir SSH við annars vegar tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028 og hins vegar við drög að Hvítbók um samgöngumál eru staðfestar.

Svæðisskipulagsstjóra er þá falið að vinna áfram að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmslum lögum vegna tímabundinna undanþága frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, til samræmis við framlagt minnisblað og umræður fundarins. Umsögnin verði þá send stjórn til samráðs með tölvupósti fyrir lok umsagnarfrestar, en stefnt er að því að fá framlengingu á honum, þ.e. til 22. maí í stað 17. maí.

8. Stafrænt ráð sveitarfélaga -Tilnefningar - 2012003

Fyrir liggur að stjórn SSH þarf að tilnefna nýjan fulltrúa í stafrænt ráð sveitarfélaga. Gerð er tillaga um tilnefningu Almars Guðmundssonar bæjarstjóra Garðabæjar.

Niðurstaða:

Samþykkt

9. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Fyrirliggjandi er bréf með athugasemdum Samgangna fyrir alla, sem sent var Skipulagsstofnun, dags. 26. apríl 2023, en afrit var jafnframt sent Betri samgöngum ohf., borgarráði Reykjavíkur, Vegagerðinni, innviðaráðherra, umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, og stjórn SSH til upplýsinga. Athugasemdirnar varða matsáætlun fyrir umhverfismat vegna fyrirhugaðra mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar og Bústaðavegar, en samtökin telja rétt að umhverfismeta einnig lausn 4 sem gerir ráð fyrir akstri Borgarlínu í blandaðri umferð á Reykjanesbraut milli Vogabyggðar og Stekkjarbakka, enda telja samtökin líklegt að niðurstaða heildstæðrar greiningar væri sú að sérakreinar séu mjög víða ekki knýjandi.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

10. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 116. fundar Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins dags. 28. apríl 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

11. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál - 2110008

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 88. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 28. mars 2023.
Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 89. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 25. apríl 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

12. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 19. apríl 2023.
Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 11. maí 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

13. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 25. ágúst 2022.
Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 20. október 2022.
Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 6. desember 2022.
Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 31. ágúst 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

14. Önnur mál - 2110011

2305005: Fyrirliggjandi er tölvupóstur frá Hjördísi Kristinsdóttur svæðisforingja Hjálpræðishersins á Íslandi, dags. 3. maí 2023, þar sem óskað er eftir samtali við framkvæmdastjóra SSH um vaxandi aðsókn í þær máltíðir sem Hjálpræðisherinn og Samhjálp bjóða í Kaffistofunni og Húsi Hersins við Suðurlandsbraut.

Fundaáætlun stjórnar 2023: Fyrirliggjandi er tillaga að fundadagskrá stjórnar SSH fyrir maí-des 2023, auk tillögu að dagsetningu aðalfundar SSH, en lagt er til að hann verði haldinn föstudaginn 10. nóvember.

Niðurstaða:

Frestað

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:30.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

558. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 22. maí 2023
og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:
Dagur B. Eggertsson, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. **SRN Almenningssamgöngur-endurskoðun samkomulags - 2109004**

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, Ásthildur Helgadóttir og Birgir Björn Sigurjónsson, fulltrúar SSH í viðræðuhópi um endurskoðun samkomulags um almenningssamgöngur, upplýsa um stöðu viðræðna og næstu skref.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson

Ásthildur Helgadóttir

Niðurstaða:

Umræður

2. **Höfuðborgargirðing - Elliðakotsland / Fossvallá - endurnýjun og breytt lega - 2210002**

Fyrir 557. fund stjórnar voru lögð drög að samkomulagi SSH og landeiganda í Elliðakotslandi vegna endurnýjunar höfuðborgargirðingar á svæðinu.

Skerpt hefur verið á 3. gr. samkomulagsins, en ekki er talið að í raun sé um efnislega breytingu að ræða eða atriði sem leiði til kostnaðarauka.

Eru því fyrirliggjandi endanleg drög samkomulagsins, sem send hafa verið landeigendum sem hafa ekki gert við þau frekari athugasemdir. Gerð er tillaga um að fullt og ótakmarkað umboð framkvæmdastjóra SSH til undirritunar þeirra draga sem nú liggja fyrir verði endurnýjað.

Niðurstaða:

Samþykkt

3. **Fyrirtækja- og íbúakannanir landshlutasamtaka - 2305007**

Umræða um fyrirtækja- og íbúakannanir landshlutasamtaka. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnir möguleika á hugsanlegri þátttöku

SSH í fyrirtækja- og íbúakönnunum landshlutasamtakanna, en SSH hafa hingað til ekki tekið þátt.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar en þátttaka SSH verður tekin til skoðunar í tengslum við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar ársins 2024.

4. Umsagnir þingmála - 1910005

Á 557. fundi stjórnar var Jóni Kjartani Ágústssyni svæðisskipulagsstjóra falið að vinna áfram að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmslum lögum vegna tímabundinna undanþága frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, til samræmis minnisblað sem lá fyrir 557. fundi og umræður fundarins.

Umsögn SSH um framangreint frumvarp er lögð fram til staðfestingar, en hún var, að höfðu samráði við stjórn með tölvupóstum, send nefndasviði Alþingis hinn 19. maí sl.

Niðurstaða:

Samþykkt

5. Önnur mál - 2110011

2305005: Fyrirliggjandi er tölvupóstur frá Hjördísi Kristinsdóttur svæðisforingja Hjálpræðishersins á Íslandi, dags. 3. maí 2023, þar sem óskað er eftir samtali vum vaxandi aðsókn í þær máltíðir sem Hjálpræðisherinn og Samhjálp bjóða í Kaffistofunni og Húsi Hersins við Suðurlandsbraut. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnir.

Fundaáætlun stjórnar 2023: Fyrirliggjandi er tillaga að fundadagskrá stjórnar SSH fyrir maí-des 2023, auk tillögu að dagsetningu aðalfundar SSH, en lagt er til að hann verði haldinn föstudaginn 10. nóvember.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra SSH er falið að funda með Hjálpræðishernum á Íslandi til frekari yfirferðar á erindinu.

Fundaáætlun stjórnar 2023 er samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00.

Fullgild rafræn undirskrift
ÁRELÍA EYDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR
Kennitala: 161066-4869
2023-04-27 13:54:39 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON
Kennitala: 200664-2139
2023-04-27 15:15:11 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ALDÍS STEFÁNSDÓTTIR
Kennitala: 071076-4829
2023-04-27 23:14:16 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR
Kennitala: 201260-2489
2023-04-28 14:39:38 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUÐFINNUR GUÐJÓN SIGURVINSSON
Kennitala: 190878-4069
2023-05-02 16:54:24 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALDIMAR VÍÐISSON
Kennitala: 100978-3509
2023-05-03 12:10:31 GMT
Ástæða: Undirskrift

SORPA

FUNDARGERÐ 479. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 11. apríl 2023. Fundurinn er settur klukkan 07:41. Fundurinn er staðfundur að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Viðauki við eigendasamkomulag kynntur

Gunnar Bragason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið við upphaf fundar.

Samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri gerir grein fyrir drögum að viðauka að eigendasamkomulagi.

2. Staðan á leitinni að nýjum urðunarstað

Gunnar Bragason gerir grein fyrir stöðu á leitinni að nýjum urðunarstað, stöðu vinnu við að finna úrgangi nýja farvegi og samtölum við sjálfboðaliðahreyfingar í Mosfellsbæ um verkefni tengd urðunarstaðnum í Álfsnesi.

Umræður í kjölfarið um liði 1 og 2, sem voru kynntir saman.

Gunnar Bragason víkur af fundi klukkan 08:38.

3. Staða stefnumótunar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu viðræðna við stefnumótunarráðgjafa fyrir mótun stefnu stjórnar SORPU. Gengið hefur verið frá samningi við Valcon A/S. Fyrirvari er um umfang vegna samvinnu ráðgjafa við stefnuráð.

4. Staða brennsluverkefnis

Fjármálastjóri gerir grein fyrir stöðu brennsluverkefnis. Vaxandi áhugi er meðal fjárfesta á að fjármagna uppbyggingu á sorpbrennslu fyrir höfuðborgarsvæðið og nærliggjandi svæði.

Umræður eru í kjölfarið, meðal annars um mögulega fjármögnunaraðila, eignarhald, félagaform og fleira.

Formaður stjórnar leggur til að kallað verði eftir fundi með innviðaráðherra til að kanna áhuga á aðkomu ríkisins að uppbyggingu brennslu.

5. Samræming sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu

Ísól Fanney Ómarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið klukkan 09:19.

Samskipta- og þróunarstjóri gerir grein fyrir kynningu á samræmingu sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu og sérsöfnun á lífrænum úrgangi.

6. Niðurstaða forathugunar á nýrri staðsetningu fyrir endurvinnslustöð

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva SORPU, tekur sæti á fundinum undir þessum lið klukkan 09:30.

Ísól Fanney gerir grein fyrir niðurstöðu forathugunar á nýrri staðsetningu fyrir endurvinnslustöð. Niðurstaða hópsins er að ákjósanlegasta staðsetning sé við Arnarnesveg í Kópavogi.

Umræður eru um niðurstöðu hópsins í kjölfarið.

Guðmundur og Ísól víkja af fundi 09:53.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður þriðjudaginn 9. maí 2023 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:57.

SORPA

FUNDARGERÐ 480. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 9. maí 2023. Fundurinn er settur klukkan 07:41. Fundurinn er staðfundur að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Sækja fund með fjarfundarbúnaði: Orri Hlöðversson

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, sækja staðfund. Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri sækir fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Árshlutauppgjör SORPU bs.

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri gera grein fyrir árshlutauppgjöri SORPU.

2. Staða Lambhagaverkefnis

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu Lambhagaverkefnis um uppbyggingu nýrrar endurvinnslustöðvar. Verkefnið hefur tafist en stefnt að því að framkvæmdir hefjist í desember 2023.

3. Magntölur og grænt bókhald SORPU bs. árið 2022

Gyða S. Björnsdóttir umhverfisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið klukkan 08:09

Gyða gerir grein fyrir magntölum og grænu bókhaldi ársins 2022.

Gyða víkur af fundi klukkan 08:48

4. Staða brennsluverkefnis

Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður, Þorsteinn Ingason lögmaður, Valgeir Páll Björnsson ráðgjafi, Hildur Sveinbjörnsdóttir og Jón Þór Sigurvinsson taka sæti á fundinum undir þessum lið klukkan 08:48

Gestir gera grein fyrir stöðu brennsluverkefnis.

Árelía víkur af fundi 08:58.

Gestir víkja af fundi klukkan 09:20

Fullgild rafræn undirskrift
ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON
Kennitala: 200664-2139
2023-05-22 13:43:55 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÁRELÍA EYDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR
Kennitala: 161066-4869
2023-05-22 18:15:53 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR
Kennitala: 201260-2489
2023-05-12 15:40:58 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ALDÍS STEFÁNSDÓTTIR
Kennitala: 071076-4829
2023-05-14 16:53:40 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUÐFINNUR GUÐJÓN SIGURVINSSON
Kennitala: 190878-4069
2023-05-15 18:46:16 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALDIMAR VÍÐISSON
Kennitala: 100978-3509
2023-05-16 15:36:44 GMT
Ástæða: Undirskrift

5. Staða og horfur í rekstri Góða Hirðisins

Ruth Einarsdóttir, rekstrarstjóri Góða hirðisins, tekur sæti á fundinum undir þessum lið klukkan 09:30.

Samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri gerir grein fyrir stöðu og horfum í rekstri Góða hirðisins.

Ruth víkur af fundi klukkan 09:49

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður þriðjudaginn 6. júní 2023 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:50.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

41. fundur eigendafundar Sorpu bs.
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 15. maí 2023
og hófst hann kl. 13:30.

Fundinn sátu:
Aldís Stefánsdóttir, Jón Viggó Gunnarsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður eigendavettvangs, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. **SORPA -Heildarlausn í úrgangsmálum - 1908010**

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. kynna stöðu sorpbrennsluverkefnis og næstu skref þess. Haraldur Flosi Tryggvason fjallar um lagaleg álitaefni varðandi eignarhald á brennslu og rekstur hennar og Jón Þór Sigurvinsson ráðgjafi hjá Arctica Finance fer yfir mögulega fjármögnun brennslustöðvar. Fyrir liggur að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur samþykkt að koma að forverkefni nr. 2 um sorporkustöð. Umræður.

Gestir

Haraldur Flosi Tryggvason

Jón Þór Sigurvinsson

Valgeir Páll Björnsson

Niðurstaða:

Er SSH og Sorpu bs. falið að móta endanlegar tillögur að forverkefni nr. 2 með umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og leggja þær fyrir eigendavettvang.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

370. fundur

Föstudaginn 19. maí 2023 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30. Fundurinn var haldinn að Hesthálsi 14.

Mætt voru:
Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Margrét Vala Marteinsdóttir (MVM) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Kjarasamningur Strætó og Samiðnar
2. Drög að árshlutauppgjöri janúar-mars
3. Endurskoðun gjaldskrár
4. Farþegatölur
5. Nýtt leiðanet, staða og rekstraráætlun
6. Samningsmál við Yutong (tafabætur)
7. Staða vagnaflotans og næstu skref

Tekið fyrir:

1. Kjarasamningur Strætó og Samiðnar

Framkvæmdastjóri kynnti og lagði fram til samþykktar stjórnar kjarasamning Strætó og Samiðnar sem undirritaður var og samþykktur af félagsmönnum þann 11. maí sl. Meðaltalshækkun grunnlauna er 8,75% með hagvaxtaauka ársins 2022, en samningurinn er til eins árs, frá 01.04.2023-31.03.2024. Stjórn samþykkti kjarasamninginn.

2. Drög að árshlutauppgjöri janúar-mars

Elísa Kristmannsdóttir deildarstjóri fjármála kom fyrir fundinn og kynnti drög að árshlutauppgjöri janúar-mars 2023. Árshlutauppgjör janúar til mars verður lagt fram á næsta stjórnarfundi til samþykktar.

3. Endurskoðun gjaldskrár

Samkvæmt gjaldskrárstefnu Strætó er stefnt að endurskoðun gjaldskár tvisvar á ári. Gjaldskrá var síðast hækkuð 1. október 2022 en frá þeim tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 5,2% og Strætóvísitala um 3,5%. Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að hækkun gjaldskrár sem nemur 3,6% af stökum fargjöldum og 3,3% af tímabilskortum. Stjórn samþykkti tillöguna um hækkun gjaldskrár frá og með 1.7.2023

4. Farþegatölur

Framkvæmdastjóri fór yfir farþegafjölda aprílmánaðar. Fjöldi innstiga fyrstu þrjá mánuði ársins náðu yfir eina milljón í hverjum mánuði sem er met frá því rafrænar talningar hófust í vögnum Strætó. Fjöldi innstiga í apríl voru ríflega 943.000 (páskar og frídagar) sem þó er um 55.000 fleiri innstig en í apríl 2019.

5. Nýtt leiðanet, staða og rekstraráætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu nýs leiðanets og rekstraráætlunar. Áfangaskýrsla 2 (leiðanets) er í vinnslu og er gert ráð fyrir útgáfu hennar og samþykki á 2. ársfjórðungi þessa árs en fyrir það þarf að skoða og taka endanlega ákvörðun um leið D í Hafnarfirði, leið E í Mosfellsbæ og leið H um Stjörnugróf og Fossvogsbrún í Reykjavík.
Á árinu 2022 var kostnaðaráætlun leiðanetsins uppfærð m.v. áætlað verðlag 2023. Þar er áætlað að heildarkostnaður verði rúmir 14 milljarðar króna árið 2034, þegar þriðja áfanga innviðauppbyggingar á að ljúka.

6. Samningsmál við Yutong (tafabætur)

Framkvæmdastjóri fyrir yfir stöðu samningsmála tafabóta vegna kaupa á rafvögnum árið 2018. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna áfram að lausn mála.

7. Staða vagnaflotans og næstu skref

Framkvæmastjóri fór yfir stöðu vagnaflota Strætó. Undanfarin ár hafa fjárfestingar í vögnum ekki haldið í við endurnýjunarþörf og er því stór hluti vagna orðinn gamall sem leitt hefur af sér stóraukinn viðhalds- og rekstrarkostnað sem hækkar ár frá ári. Brýnt er að taka ákvörðun um vagnaflota Strætó sem allra fyrst svo halda megi viðunandi þjónustustigi. Framkvæmdastjóra var falið að vinna málið áfram og fara yfir frekari gögn á næsta stjórnarfundi.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 9:30

Fylgiskjöl:

Magnús Örn Guðmundsson	Alexandra Briem
Andri Steinn Hilmarsson	Margrét Vala Marteinsdóttir
Lovísa Jónsdóttir	Hrannar Bragi Eyjólfsson